

29. Ferðamálaráðstefna Ferðamálaráðs Íslands haldin á Egilsstöðum 7.-8. október 1999

Dagskrá

Fimmtudagur 7. október

- kl. 13:00 Setning: [Tómas Ingi Olrich](#), formaður Ferðamálaráðs Íslands
- kl. 13:15 Ávarp: [Björn Hafþór Guðmundsson](#), bæjarstjóri Egilsstöðum
- kl. 13:25 Ávarp: [Hr. Sturla Böðvarsson](#), samgönguráðherra.
- kl. 13:40 **Hlutverk rannsókna í rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar**
[Richard Butler](#), prófessor í ferðamálafræðum.
- kl. 14:10 [Fyrirspurnir.](#)
- kl. 14:25 **Hvað stendur í vegi fyrir aukinni arðsemi ferðaþjónustufyrirtækja**
[Páll Kr. Pálsson](#), framkvæmdastjóri.
- kl. 14:55 [Fyrirspurnir.](#)
- kl. 15:10 **Kaffihlé.**
- kl. 15:40 **Vöruþróun í ferðaþjónustu**
[Lars Sandahl Sörensen](#), markaðsstjóri í danska ferðamálaráðinu.
- kl. 16:10 [Fyrirspurnir.](#)
- kl. 16:25 [Afhending umhverfisverðlauna Ferðamálaráðs Íslands 1999.](#)

Föstudagur 8. október

- kl. 10:00 Umræður í hópum.
- Hópur 1.:** **Rannsóknir í ferðaþjónustu.** Hópstjóri: Björn Sigurjónsson, sérfræðingur FMRÍ.
Hvað stendur í vegi fyrir aukinni arðsemi
- Hópur 2.:** **ferðaþjónustufyrirtækja.** Hópstjóri: Þórunn Reynisdóttir, framkvæmdastjóri AVIS.
- Hópur 3.:** **Vöruþróun í ferðaþjónustu.** Hópstjóri: Anna G. Sverrisdóttir, rekstrarstjóri ferðaþjónustu Bláa Lónsins hf.
- kl. 12:00 **Hádegisverður.**
- kl. 13:15 [Niðurstöður úr umræðum hópa.](#)
- kl. 14:00 [Almennar umræður og afgreiðsla ályktana.](#)
- kl. 15:30 **Kaffihlé.**
- kl. 16:00 [Ráðstefnuslit.](#)

Ráðstefnustjórar:

Guðmundur Davíðsson, hitaveitustjóri Egilsstöðum og Auður Anna Ingólfssdóttir, hóteltjóri Hótel Héraðs.

Tómas Ingi Olrich
Formaður Ferðamálaráðs Íslands.

Frá því að síðast var haldin ráðstefna Ferðamálaráðs um málefni greinarinnar hefur margt gerst á sviði þjóðmála og atvinnugreinarinnar sjálfrar. Þótt sömu flokkar fari með stjórn landsmála hafa orðið breytingar í stjórnarráðinu. Halldór Blöndal hefur látið af embætti samgönguráðherra eftir 8 ára störf að samgöngu og ferðamálum og við hefur tekið Sturla Böðvarsson. Margt verður gott um þessa tvo menn sagt en þó ekki að þeir séu mjög líkir. Ég óska Sturlu Böðvarssyni árnaðar og heilla í mjög mikilvægu starfi og við væntum mikils af honum. Um leið vil ég tjá fráfarandi samgönguráðherra sem nú hefur tekið að sér að stýra annarskonar umferð og leysa úr annarskonar samgönguvandamálum í embætti forseta Alþingis þakklæti okkar allra fyrir þessi 8 ár en á þeim hafa fyrir hans tilstuðlan orðið miklar breytingar á því umhverfi sem ferðaþjónustan hrærist í.

Engum er gert rangt til þó fullyrt sé að á hans tíma í samgönguráðuneytinu hafi orðið straumhvörf í málefnum greinarinnar. Nefni ég þar sérstaklega þá viðamiklu stefnumörkun sem birt var á árinu 1996 svo og aðgerðaáætlunina sem á henni var byggð. Það starf hefur nú þegar skilað skilgreindum framkvæmdaáföngum sem eru að breyta starfsumhverfi greinarinnar til hins betra og treysta fagleg vinnubrögð innan hennar. Þá hafa á þessum tíma orðið miklar úrbætur í umhverfismálum og athyglin sem sá málaflokkur fær hefur vaxið til muna og loks hefur nú sviðsljósið beinst að mennta- og rannsóknarumhverfi ferðaþjónustunnar eftir langvarandi andvaraleysi í þeim efnum.

Góðir ráðstefnugestir, sókn ferðamanna til landsins eykst stöðugt, á síðasta ári komu til landsins 232.000 ferðamenn, borið saman við 202.000 árið 1997. Gera má ráð fyrir að í ár verði erlendir ferðamenn um 260.000 og er það um 12% aukning. Það er umfram þau markmið um 6% aukningu sem sett voru fram í stefnumótun samgönguráðherra á árinu 1996. Þess ber þó að geta að aukningin árið 1997 var óveruleg. Tekjuauki vegna erlendra ferðamanna árið 1998 var hinsvegar 17% borið saman við 10% árið 1997. Þegar þessar tölur eru skoðaðar ber að leggja áherslu á það að þessi mikla aukning endurspeglar ekki stöðu greinarinnar í heild. Afrakstrinum er mjög misskipt og fer því fjarri að fyrirtæki á landsbyggðinni njóti þessarar aukingar í sama mæli og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

Það veldur áhyggjum og það sem veldur áhyggjum sérstaklega er sú staðreynd að lenging ferðamannatímans hefur alls ekki skilað sér utan höfuðborgarsvæðisins. Síðustu upplýsingar um þróunina í september sem eru komnar frá SAF benda til þess að hlutdeild höfuðborgarsvæðisins í gistinóttum hafi aukist miðað við síðastliðið ár en að þessu stóra vandamáli verður vikið síðar í máli mínu. Það er ljóst að þessi aukning ferðamanna til landsins og aukning tekna af ferðamönnum er mjög mikil á mælikvarða aðþjóðlegs samanburðar. Það er einnig ljóst að þessi þróun veldur miklu álagi á

atvinnugreinina. Það er ekki auðvelt að svara svo mikilli eftirspurn með þjónustuaukningu og tryggja jafnframt gæði þjónustunnar og öryggi. Það hefur orðið vart við auknar kvartanir vegna ófullnægjandi þjónustu. Þessi vandi er nú til umræðu á vettvangi SAF og Ferðamálaráðs.

Þetta er ekki síst umhugsunarefni þegar tekið er tillit til þess að það er þensla í þjóðfélaginu nú um stundir og mikil samkeppni um vinnuafli. Ferðaþjónustan stendur ekki vel í þeirri samkeppni þar sem arðsemi greinarinnar er enn veik. Á sama tíma er það mjög brýnt hinsvegar að gistiþjónusta og afþreyingarframboð styðji aukin umsvif flutningaaðilanna og aukið framboð ferða til Íslands og að greinin í heild og stjórnvöld styðji þetta framtak flutningaaðilanna með aukinni markaðssókn.

Enn sem fyrr eru höfuðmarkaðir okkar norður Ameríka, Skandinavía og vestur Evrópa. Á þessum markaðssvæðum hefur verið vöxtur, nema í Þýskalandi. Stöðnunin í Þýskalandi er okkur mikið áhyggjuefni og ákveðið hefur verið að greina betur ástæður þessar þróunar og verður það gert bæði sérstaklega og í samvinnu við hin norðurlöndin en þar hefur svipaður samdráttur verið á Þýskalandsmarkaðnum, nema í Finnlandi.

Á þessu ári hafa orðið umtalsverðar breytingar í lagaumhverfi atvinnugreinarinnar. Ný lög um skipulag ferðamála voru sett síðastliðið vor og leiddu m.a. til mikilla breytinga á skipan Ferðamálaráðs. Ráðið er nú 7 manna í stað 23 áður. Við þessa breytingu er horfinn vettvangur, fundir hins stóra Ferðamálaráðs sem eftirsjá er í. Það skapaðist oft góður vettvangur til skoðanaskipta en hinu er ekki að neita að sá vettvangur var nokkuð þungur í vöfum. Viðfangsefni hins nýja Ferðamálaráðs hafa vaxið með nýjum lögum og er vafalaust sú breyting sem á eftir að hafa mest áhrif að nú hvílir sú skylda á ráðinu að ýta undir og stunda rannsóknir og kannanir á sviði ferðamála. Sú skylda hafði ekki áður átt sér lagastoð þótt hið eldra Ferðamálaráð hafi tekið verkefnið upp hjá sér af sjálfsdáðum.

Nú er hægt að sækja fjármagn til fjárveitingavaldsins í ljósi þess að lagaskyldan er fyrir hendi og þörfin er brýn. Það er ljóst að það er mikill skilningur innan ráðuneytisins á rannsóknarþörfinni. Ein af mikilvægustu forsendum lagabreytingarinnar var stofnun Samtaka Aðila í Ferðaþjónustu en stofnfundur var haldinn 11. nóv. 1998. Stofnun heildarsamtaka ferðaþjónustunnar var löngu orðin tímabær. Það er mat mitt að hin nýju samtök hafi farið vel af stað, ekki síst þegar tekið er tillit til þess hve flókið verkefni það er í raun að samræma hagsmuni svo misstórra og ólíkra aðila sem þessi heildarsamtök mynda. Með stofnun heildarsamtaka atvinnugreinarinnar varð mögulegt að greinin hefði aukin áhrif á framkvæmd stefnu og markaðsmála. Með samningi við samgönguráðherra var gengið frá stofnun markaðsráðs ferðaþjónustunnar sem sér um markaðssetningu Íslands erlendis. Þar gegnir atvinnugreinin sjálf forystuhlutverki og markar stefnuna. Byggist það í senn á þeim vilja stjórnvalda að sú þekking sem innan atvinnugreinarinnar hefur byggst upp nýtist til fulls, en

ekki síður er mikilvægt að greinin hefur sett sér það markmið að afla nýs fjármagns til sóknar í markaðsmálum.

Þeim vilja atvinnugreinarinnar fylgir hið opinbera og Reykjavíkurborg eftir með nýjum fjármunum. Í höndum markaðsráðsins verður því nýtt afl til þess að styrkja uppbyggingu ferðaþjónustunnar í landinu og vonandi með beinni tengslum og faglegri við markaðinn en áður hefur verið.

Þann 17. Mars var Ferðamálaráði falið með samkomulagi framkvæmd verkefna markaðsráðsins. Hér verður um að ræða mjög mikilvæg verkefni sem eru studd rúmlega 400 milj. kr. fjárframlagi á næstu 4 árum.

Góðir ráðstefnugestir, það hefur mikið verið ritað og rætt um flokkun gististaða á undanförunum árum hér á landi. Það var þó ekki fyrr en árið 1996 með stefnumótun í ferðaþjónustu á vegum samgönguráðuneytisins að málið komst í ákveðinn farveg. Í stefnunni eru rakin meginmarkmið sem greinin setur sér næstu 10 árin og eitt af þessum verkefnum er gæðaflokkun gististaða.

Í byrjun þessa árs var ákveðið að koma flokkun gististaða í framkvæmd. Stuðst var við flokkunarstaðal frá danska hótél- og veitingasambandinu HORESTA. Sett var á fót undirbúningsnefnd sem í áttu sæti 3 fulltrúar. Einn frá Ferðamálaráði, einn frá SAF og einn frá ráðgjafafyrirtækinu Rekstri og Ráðgjöf Norðurlandi ehf. Í maí fékk undirbúningsnefndin 2 fulltrúa frá HORESTA til að aðlaga danska staðalinn að ísl. aðstæðum. Nefndin skilaði síðan tillögum til Ferðamálaráðs um mitt sumar sem Ferðamálaráð hefur samþykkt. Í samræmi við samninginn við HORESTA kom Ferðamálaráð á fót úrskurðarnefnd sem í eiga sæti 6 fulltrúar, 3 skipaðir af Ferðamálaráði og 3 af SAF. Hlutverk úrskurðarnefndarinnar er sem hér segir: Í fyrsta lagi að viðhalda staðlinum og fylgjast vel með þróun og breytingum erlendis á gæðakröfum gististaða. Í öðru lagi að veita undanþágu frá reglum ef gild rök eru fyrir hendi og í þriðja lagi að leysa úr ágreiningsmálum sem kunna að koma upp.

Ferðamálaráð hefur gert samning við Rekstur og Ráðgjöf Norðurlandi ehf. til að sjá um úttektir á gististöðum. Flokkun gististaða á Íslandi með stjórnugjöf er mikið fagnaðarefni, ekki einvörðungu fyrir aðila í gistipjónustu heldur fyrir ferðaþjónustuna alla. Bæði viðskiptavinir og ferðaþjónustan í heild sinni hafa beðið lengi eftir að þetta skref yrði stigið. Kynningarefni sem og staðlinum sjálfum verður dreift til hlutaðeigandi aðila nú á næstu dögum og kynnt á netinu og kynningarbæklingur er nú tilbúinn.

Eins og áður er getið sinnir Ferðamálaráð nú rannsóknum og könnunum. Unnið hefur verið að því að ýta undir rannsóknarstörf og greiða götu umsókna um rannsóknarstyrki. Sérstakur samningur hefur verið gerður við Rannsóknarráð Íslands, leggur sá samningur grunn að samstarfi Rannís og Ferðamálaráðs í því skini að auka rannsóknir og þróunarstarf í atvinnugreininni. Í þessum samningi skuldbindur Rannís sig til að kalla til sérfróða einstaklinga á sviði ferðamála til að meta á faglegan hátt þörf fyrir rannsóknir innan atvinnugreinarinnar.

Ferðamálaráð á hinn bóginn skuldbindur sig til að efla faglegt ráðgjafarstarf við greinina á sviði rannsókna og þróunarstarfs. Þá hefur einnig verið gerður samningur Ferðamálaráðs og Háskólans á Akureyri um formlegt samstarf til að ýta undir og styrkja rannsóknir, þróunarstarf og námsframboð á sviði ferðaþjónustu. Í þessum samningi skuldbindur háskólinn sig til þess að leggja sérstaka áherslu á rannsóknir á sviði ferðaþjónustu innan rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri og beita sér sérstaklega fyrir því að efla rannsóknarstarfsemi sem gæti nýst ferðaþjónustunni á landsbyggðinni. Síðan er rétt að geta þess að Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands hafa nú gert með sér samning um samstarf á sviði rannsókna í ferðamálum og um að standa að stofnun rannsóknarmiðstöðvar á sviði ferðaþjónustu. Ferðamálaráð mun eiga mann í stjórn þeirrar stofnunar og taka þátt í að móta stefnu hennar.

Frá því að ráðið var í stöðu rannsóknasérfræðings við skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri hefur þremur verkefnum verið hrint af stokkunum. Hið fyrsta snýr að samvinnu Rannsóknaráðs Íslands og Ferðamálaráðs en Rannís styrkir forverkefni um þolmörk ferðamannastaða á Íslandi um 500.000.- en verkefnið var unnið síðastliðið sumar. Því er nú að ljúka og innan tíðar hefst framhald verkefnisins sem Rannís hefur styrkt úr markáætlun um umhverfismál og upplýsingatækni að upphæð 2 millj. króna á næsta ári. Þessi verkefni eru unnin í samstarfi Náttúrverndar Ríkisins, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands en undir forystu og að frumkvæði Ferðamálaráðs.

Annað verkefnið sem hrint var af stokkunum snýr að lengingu ferðamannatímans þar sem Ferðamálaráð Íslands kemur að þróunarverkefni með ráðgjöf til þeirra er vinna að ferðamálum á sveitarstjórnarstigi. Vænta má niðurstöðu af því verkefni þegar á næsta ári. Þá hefur Ferðamálaráð skipað vinnuhóp sem er ætlað að meta gildi ferðaþjónustunnar á hálendinu norðan Vatnajökuls með tilliti til virkjanaframkvæmda og náttúruverndar. Í þessum vinnuhópi sitja Anna Dóra Sæþórsdóttir, Birgir Jónsson og Björn Margeir Sigurjónsson. Frumskýrslu þessa verkefnis er vænst í desember.

Af þeim verkefnum sem framundan eru má nefna m.a. gagnabanka fyrir ferðaþjónustuaðila sem hafist verður handa við í byrjun nóvember í samvinnu við Háskólann á Akureyri.

Af þessu öllu má vera ljóst að á einu ári hefur orðið mikil breyting til batnaðar á skipulagi þekkingaröflunar innan ferðamála á Íslandi og sú breyting hefur ekki síst orðið vegna frumkvæðis Ferðamálaráðs Íslands sem hefur lánast að eiga gott samstarf við aðra aðila á þessum vettvangi.

Góðir ráðstefnugestir, komandi ár, aldamótaárið verður auðugt að atburðum sem skapa munu aukna möguleika á sviði ferðamála. Reykjavík hefur sem kunnugt er verið útnefnd menningarborg Evrópu, ein af 9 slíkum. Á vegum borgarinnar og með fjárframlagi ríkisins hefur mikið og merkilegt undirbúningsstarf verið unnið. Þetta starf mun skila miklu á næsta ári fyrir

ferðaþjónustuna í heild og styrkja þá stöðu sem ferðaþjónustan á höfuðborgarsvæðinu hefur öðlast, ekki síst utan háannar.

Þjóðin heldur upp á 1000 ára afmæli kristni í landinu með veglegum hætti, í tengslum við þau hátíðarhöld sem nú eru þegar hafin rekur hver menningarviðburður annan. Sú dagskrá fellur mjög vel að þeirri auknu áherslu sem lögð er nú á að kynna íslenska menningu. Ég er samfærður um að þetta viðburðaríka ár á eftir að skilja eftir sig mikil verðmæti sem mikilvægt er að varðveita með einum eða öðrum hætti ferðaþjónustunni til góða. Grundvöllur þess er að á hátíðarárinu beinist sviðsljósið að þeim miklu áhrifum sem kristin trú hefur haft á samfélag okkar frá miðöldum til okkar tíma, og þá ekki síst hvern þátt hún átti í að skapa þá sérstæðu menningu sem hér mótaðist á tímabilinu 1000-14000 og skapar Íslendingum enn þann dag í dag mikla sérstöðu meðal þjóða heimsins.

Þessum menningarsögulegu hátíðarhöldum tengjast ekki síst þeir viðburðir sem skipulagðir eru til að minnast landafunda norrænna manna en þáttur Íslendinga í þeim afrekum er einstæður, ekki einungis vegna þátttöku þeirra í landkönnunarleiðöngurum heldur ekki síst vegna þess að þeir skráðu þessa atburði. Nokkuð skringileg umræða hefur orðið um landafundi Íslendinga og vægi þeirra í augum Bandaríkjamanna. Þessi kafli í sögu okkar er sérstakur og einstæður og ber okkur skylda til að halda honum til haga, sýna honum sóma og kynna hann gagnvart umheiminum. Ég fagna því framtaki sem felst í þessum tveimur menningarsögulegu hátíðarhöldum og tel það bera vott um að við munum í framtíðinni sjá sóma okkar í því að gera meir til að kynna framlög okkar til vestrænnar menningarsögu sem er stórlega vanmetið og kannski fyrst og fremst af okkur sjálfum.

Ferðaþjónustan mun í auknum mæli taka höndum saman við menningarstofnanir til að kynna menningu þjóðarinnar í fortíð og nútíð og það mun verða til þess í senn að auka sjálfsvirðingu okkar sem þjóðar og auka arðsemi atvinnugreinarnar og veitir allavega ekki af því síðara.

Nú þegar ný öld er að renna upp er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því hvaða langtíma verkefni eigi að njóta forgangs á næsta áratug og í mínum augum fer það ekki á milli mála hver megin verkefnin verða. Ég mun hér á eftir drepa á þau helstu.

Ferðaþjónustan sýnir nú aukinn styrk á höfuðborgarsvæðinu. Sá bati sem er ekki síst að þakka lengingu ferðamannatímans hefur ekki náð til landsbyggðarinnar. Þar hafa forsendur fjárfestingar veikst ef nokkuð er ef tekið er einungis tillit til tölfræðilegra upplýsinga um fjölda ferðamanna og auknar tekjur af þeim. Það verðurmeginverkefnið okkar að breyta þessari þróun og ég segi það við ykkur að það er samfæring mín að það verði ekki auðvelt verkefni. Flutningakerfið sem styður lengingu ferðamannatímans á höfuðborgarsvæðinu leggur ekki grundvöll að samskonar þróun á landsbyggðinni. Vöruþróun er

sérstakt vandamál ferðapjónustunnar á landsbyggðinni sem að vissu leyti stendur markaðssetningu hinna dreifðu byggða fyrir þrifum. Vöruþróun á því svæði sem arðsemi ferðapjónustunnar er lægst verður ekki unnin af fyrirtækjunum einum saman. Þar verður hið opinbera að koma beint að málum og þar mun Ferðamálaráð koma beint að málum en þarfnast til þess aukins fjármagns. Það mun reyna á það hvernig það tekst að auka fjárstreymið til greinarinnar og til Ferðamálaráðs, hvernig okkur tekst að virkja ráðið og samstarfsaðila þess til dáða til að efla ferðapjónustuna á landsbyggðinni utan háannar.

Ég vek athygli á því að hér er ekki um að ræða hagsmuni einstakra fyrirtækja á landsbyggðinni né heldur takmarkaða hagsmuni einstakra byggðarlaga. Hagsmunir ferðapjónustunnar eru í húfi og þar með erum við að ræða um mál sem í eðli sínu er þjóðmál. Atvinnugreinin byggist á því að þjónustunet fyrirtækja sé samfeltt og myndi heild þar sem einn styður annan. Við megum ekki horfa fram hjá því að ferðapjónustan er ekki einangruð atvinnugrein heldur samofin annarri starfsemi. Þannig er ferðapjónustan að talsverðu leyti þjónusta við borgarana auk þess sem hún þjónustar ferðamenn. Það er mikilvægt fyrir ferðapjónustuna í heild að t.d. á þessu svæði sem við erum nú stödd á þrífist fjölbreytileg og arðsöm atvinnustarfsemi og kröftugt mannlíf á sem flestum sviðum.

Veikleikar í ferðapjónustu á landsbyggðinni skapa veikleika á höfðuborgarsvæðinu og á sama hátt skapar styrkleiki ferðapjónustunnar á höfðuborgarsvæðinu möguleika á landsbyggðinni. Hér er um að ræða samofið klæði sem hvergi má trosna. Á þessum vanda ber okkur að taka af mikilli alvöru.

Sú ráðstefna sem haldin er í dag er liður í því að glíma við þennan vanda með þeirri áherslu sem lögð er á rannsóknir þar sem við njótum sérfræðipækkingar eins virtasta aðila á sviðinu sem völ er á, Dr. Richard Butler, prófessors í ferðamálafræðum frá Bretlandi. Með þeirri áherslu einnig á vöruþróun þar sem við njótum þækkingar og reynslu þess ágæt manns Lars Sandhal Sörensen, framkvæmdastjóra danska Ferðamálaráðsins en Dönnum hefur tekist mjög vel til í vöruþróun á landsbyggðinni. Og að lokum með sérstakri umfjöllun um arðsemi og rekstrarumhverfi greinarinnar þar sem við njótum þækkingar og reynslu Páls Kr. Pálssonar, framkvæmdastjóra fjárfestingarfélagssins Hofa og fyrrv. framkvæmdastjóra Nýsköpunarsjóðs, viljum við efla umræðu og þækkingaröflun um mikilvægustu málefni greinarinnar.

Verkefnið framundan munum við glíma við með bættri vöruþróun og aukinni nýsköpun. Það verk byggist bæði á einfaldari og nærtækari og ódýrari lausnum svo og á flóknari langtíma verkefnum sem krefjast meiri fjárfestingar, sem krefjast meiri þolinmæði og bjóða upp á meiri áhættu. Í þessu sambandi vil ég geta tveggja mikilvægra þróunarsviða sem ég hef lengi reynt að beita mér fyrir að glímt verði við af meira afli en verið hefur. Í fyrsta lagi þurfum við að ganga

til þessa verks af meira sjálfstrausti en við höfum notið hingað til að kynna menningu okkar í nútíð og fortíð. Við gerum okkur ekki nægilega grein fyrir því hve athyglivert það er í raun og í augum gesta okkar ekki síst að 270.000 manna þjóð skuli takast að reka sjálfstætt þjóðfélag sem byggist í rímri mæli á samskiptum við aðrar þjóðir og rekur mennta- og heilbrigðisstofnanir svo dæmi sé tekið sem standa í fremstu röð í heiminum.

Það er hlutverk ferðapjónustunnar að bæta úr þessu kynningarstarfi. Það er einnig dapurlegt hve skilningur okkar á eigin miðaldamenningu er einfaldur og klisjukenndur. Við virðumst ekki hafa hugmynd um að hér var rekið flókið, öflugt og mjög þróað samfélag frá landnámi og fram á 15. öld sem gerði sig gildandi á öllum helstu sviðum þekkingar og stundaði nýsköpun á sviði upplýsingamála, lagasetningar, sagnfræði og stjórnufræði svo eitthvað sé tekið. Erum við sem kynnum Ísland mjög upptekin af því að halda því á lofti að hér hafi menn komist að þeirri niðurstöðu, löngu á undan öðrum vísindamönnum miðalda í Evrópu, að jörðin væri hnöttótt og vorum fær um að sanna það á einfaldan, vísindalegan hátt á grundvelli reynslu sæfaranna. Ég held að við séum ekki mjög upptekin af þessu. Fáir vita um þetta, jafnvel Íslendingar vita ekki af þessu heldur. Hver heldur því í raun til haga á aðgengilegan og áhugaverðan hátt að um 1000 hafi Íslendingar verið uppteknir af því að móta hugmyndir um dómstig sem mörgum öldum síðar var tekið upp í Frakklandi undir nafninu "Court de Cassation" og á Englandi undir nafninu "Court of appeal". Það eru fáir sem halda því til haga og við erum ekki mjög upptekin af því í ferðapjónustunni. Hér er um mikið verk og áhugavert að ræða þar sem við eigum hagsmuna að gæta með öðrum norðurlandapjóðum.

Ég hef hreyft þessu sem sameiginlegu verkefni okkar og hefur verið vel tekið þeim hugmyndum. Mér er það einnig mikið ánægjuefni að í viðræðum mínum við samgönguráðherra hefur borið á miklum og sterkum áhuga á þessum þætti ferðamála. Annað mjög mikilvægt verkefni sem ég flokka undir langtímaverkefni og nú þegar nýtur góðs af frumkvöðlastarfi Bláa Lónsins er tenging heilsugæslu-, ferðapjónustu- og orkugeirans. Það er ekki einungis að Íslendingar hafi einstakan orkuforða í jarðhita og einstaka þekkingu á þessu sviði jarðfræði og jarðeðlisfræði. Þeir geta einnig státað að mikilli og öflugri heilsugæslu þar sem saman er komin mikil þekking og mikill mannauður. Þessum tveimur auðlindum þarf að veita í einn farveg, heilsuferðamennsku og hér er um að ræða flókið verkefni sem kallar ekki aðeins á mikla þekkingu á heilsugæslu og jarðfræði heldur umfram allt á þekkingu á ferðamörkuðum heimsins og þeim möguleikum sem þar gefast og þar á því sviði gegnir ferðapjónustan lykilhlutverki. Hér er því um að ræða þrjá sterka strauma sem sameina þarf í einn farveg.

Ég vil einnig vekja máls á því sem ég kalla fjárfestingarvanda ferðapjónustunnar. Ljóst er að innan ferðapjónustunnar eru fyrirtæki sem geta ráðið við þær tiltölulega hröðu kröfur sem fjármálamarkaðurinn gerir til vaxta á greiðslutíma. Það er þó meginstaðreynd að greinin krefst í ríkum mæli aðgangs

að þolinmóðu fjármagni eins og viðurkennt er í samkeppnislöndum okkar. Það er hlutverk bankakerfisins að koma til móts við þessar þarfir. Hinu má ekki gleyma að mikilvægur hluti af fjárfestingarþörf atvinnugreinarinnar er með þeim hætti að sú fjárfesting verður aldrei arðbær í sjálfri sér þó svo að hún skapi tækifæri og afkomumöguleika í kring um sig.

Ég nefni sem dæmi söfn sem gegna lykilhlutverki í ferðaþjónustunni. Á norðurlöndum hafa t.d. nýlega risið 3 söfn sem hafa verulega styrkt ferðaþjónustuna í þeim landshluta og ýmiskonar þróunarvinna er hafin af áhuga og fórnfýsi sem því miður er fjármögnuð með yfirdrætti í bönkum. Vegna þess að annarra kosta er naumast völ. Í þessum efnum er þróunarvinnan oft komin fram úr fjáröflunarmöguleikunum með alvarlegum afleiðingum. Við þurfum að koma menningu okkar á framfæri með betri og meira sannfærandi hætti en verið hefur. Við verðum að finna leiðir til að fjármagna slíkt kynningarstarf með eðlilegri hætti en er nú og ég lít svo á að þetta sé einnig eitt af þeim mikilvægu verkefnum sem framundan eru.

Góðir ráðstefnugestir, í dag er hér með okkur heiðurgestur Ferðamálaráðs. Maður sem á að baki einstakan feril á sviði ferðamála, ég vil biðja Birgi Þorgilsson að koma hingað til mín.

Birgir Þorgilsson hefur starfað að ferðamálum í rúm 50 ár. Hann hefur frá upphafi verið tengdur Ferðamálaráði, hann átti sæti í ráðinu frá upphafi til 1964 og frá 1964-1981 þegar hann hóf störf hjá ráðinu sem markaðstjóri eftir rúmlega 30 ára starf að flugmálum og ferðamálum. Ferðamálastjóri var Birgir 1984-1993 og formaður Ferðamálaráðs frá 1993-1999. Birgir er maður, eins og þið vitið best, félagslyndur og á afar létt með að kynnast fólki. Hann er maður mannglegra samskipta, hann er skjóttur til ákvarðana. Hann getur verið harður í horn að taka ef því er að skipta eins og vera ber. Hann er hreinskiptinn og hreinskilinn. Allir þessir eiginleikar hans hafa komið sér mjög vel á löngum ferli og fyrir þitt mikilvæga brautryðjendastarf, Birgir, fyrir mikilvægan þátt í að móta störf Ferðamálaráðs og bæta stöðu greinarinnar, á löngum og farsælum ferli, vil ég í nafni Ferðamálaráðs þakka þér af heilhug, þakka þér ánægjuleg persónuleg kynni og fyrir að leiðsegja mér fyrstu spörin í Ferðamálaráði og biðja þig að taka á móti litlum þakklætisvotti sem á að túlka það hversu mikið við eigum þér að þakka.

Gerðu svo vel Birgir, hafðu miklar þakkir fyrir þinn hlut og ég vona að við fáum að eiga þig að í framtíðinni.

Bjarni Hafþór Guðmundsson

Ráðstefnustjórar, samgönguráðherra, formaður, góðir ráðstefnugestir!
F.h. bæjarstjórnar Austur-Héraðs vil ég bjóða ykkur öll velkomin til Egilsstaða á Ferðamálaráðstefnu þá, sem nú er að hefjast. Þrátt fyrir að hér á Fljótsdalshéraði séu taldir ágætir möguleikar á því að taka við stórum hópum gesta, skilst mér að vegna góðrar aðsóknar aðkomumanna á ráðstefnu þessa,

séu nú helztu gististaðir í nágrenninu fullnýttir. Því ber að fagna, en það sýnir okkur jafnframt, hve mikilvægt það er fyrir ferðapjónustuna að eiga innhlaup á sumrin í heimavistir framhalds- og grunnskóla, sem hér eru staðsettir.

Óhætt er að fullyrða að þjónusta við ferðamenn sé veigamikill þáttur atvinnulífs á Austur-Héraði og raunar á Héraði öllu. Við segjum það reyndar mörg hver hér um slóðir að ferðamenn séu okkar kvóti. Það háir okkur, að þeir eru ekki lögum samkvæmt sameign Íslenzku Þjóðarinnar, eins og önnur tegund af eftirsóttum kvóta. Það hefur þýtt, að sá peningur, sem þetta sveitarfélag og raunar ekki síður forverar þess fyrir tilurð Austur-Héraðs, hafa lagt í uppbyggingu í greininni, hefur ekki margfaldast að verðmæti á einni nóttu, eins og margfrægur sameignarkvóti landsmanna.

Til þess að menn skilji örlítið betur, hvað ég er að fara, bendi ég á að mörg sveitarfélög við sjávarsíðuna eru nú að fá til baka margfalt það fjármagn, sem þau á undanförunum árum - gjarnan vegna þrýstings frá lána- og fyrirgreiðslustofnunum ýmsum - hafa þurft að setja í sjávarútvegsfyrirtæki í heimabyggð. Það er út af sig fagnaðarefni, enda auðveldar þetta þeim að fjárfesta í ýmsum mannvirkjum, íbúunum til heilla og auka þjónustu sína á ýmsan veg. Við hér höfum, eins og ég sagði áðan, einnig verið að leggja fram fjármagn í ýmis fyrirtæki og þá ekki sízt þau, sem þjónusta ferðamenn. Gallinn er sá að margfeldisáhrifa fjármagnsins virðist ekki gæta eins í þessari grein og þeirri, sem sögð er sameign landsmanna, en virðist, þegar á reynir vera fjósbiti fárra útvalinna. Þess vegna eigum við erfiðara um vik að losa um umrætt fjármagn og nýta það til uppbyggingar annarra fyrirtækja eða til fjárfestinga í þágu íbúanna.

Orð mín má alls ekki skilja á þann veg að ég telji kastað á glæ fjármagni, t.d. í formi hlutafjár, sem þetta sveitarfélag á bundið í ferðapjónustunni. Að sjálfsgöðu skilar það í mörgum tilfellum góðum arði á óbeinan hátt, t.d. í gegnum útsvör þeirra, er í greininni vinna og ávaxtar sig jafnvel hægt og bítandi. Það, sem ég er að reyna að vekja athygli á, er að hefðbundnir tekjustofnar sveitarfélaga duga engan veginn til þess að þjónusta íbúana í daglegum rekstri svo sem vert er og þeir hljóta að gera kröfur um og jafnframt til að fjárfesta í mannvirkjum til að bæta þjónustuna enn frekar. Eða telja menn það eðlilegt að þetta sveitarfélag, sem telur um 2.000 íbúa, skuli hafa til ráðstöfunar ríflega 20 millj. króna til fjárfestinga af þeim tæplega 400 milljónum, sem mönnum tekst að nurla saman árlega.

Það er ekki lengra síðan en í gær að á nýjan leik komst í sviðsljósið deila Flugleiða og Samkeppnisstofnunar um miðdegisflug til Egilsstaða. Ekki vil ég taka beina afstöðu í því máli að svo stöddu og undirstrika að þakka ber innrás Íslandsflugs á ýmsar flugleiðir, sem virðist hafa leitt af sér varanlega og umtalsverða lækkun fargjalda í innanlandsflugi frá því sem þau voru hæst. Það var vissulega góð búbot fyrir fjölmarga. Í nútímapjóðfélagi er það líka góð búbot að geta hagað ferðum sínum þannig að sem minnstur tími fari í að bíða eftir

flug. Margir vilja hafa val um með hvaða félagi þeir fljúga og halda t.d. tryggð við sitt gamla félag, Flugleiðir. Þess vegna má segja að úrskurður Samkeppnisstofnunar þess efnis að miðdegisflug félagsins skuli fellt niður, þýði afturför í samgöngum til og frá Egilsstöðum og valdi íbúum á Mið- og Norð-Austurlandi ákveðnum óþægindum. Á móti kemur það sjónarmið að nái Íslandsflug ekki góðri fótfestu (eða öllu heldur vængfestu) á þessari flugleið, kann það að hafa í för með sér einokun og líklega það, sem margir óttast, hækkun flugfargjalda á leiðinni. Þess vegna má segja að málið sé erfitt úrlausnar.

Ég gat um það áðan að á þessu svæði væri þjónusta við ferðamenn veigamikill þáttur í atvinnustarfsemi okkar. Sífelld er eitthvað nýtt að gerast í þeim efnun. Hæst ber að sjálfsögðu lofsvert framtak þeirra, sem stóðu að því að kaupa og flytja hingað til lands ferjuna okkar góðu, Lagarfljótsorminn. Er hún góð viðbót við þá ferðaflóru, sem Héraðsmenn bjóða upp á. Ég veit ekki betur en eigendur félagsins, sem um ferjuna var stofnað, séu bærilega sáttir við rekstrarniðurstöðuna á þessu ári. Við heimamenn lofum ferjuna og prísun og ferðamenn voru mjög ánægðir að því er ég bezt veit að gefast kostur á að sigla um Fljótið á henni. Um hana hefur verið ort og ég get glatt ykkur með því að á skemmtuninni í kvöld mun ég sjá til þess í krafti embættis míns að um hana verði fluttur óður, já raunar fleiri en einn.

Önnur mikilvæg nýbreytni gladdi marga Austfirðinga s.l. sumar. Þar á ég við stofnun Óperustúdíós Austurlands og uppsetninguna á Töfraflautunni. Þó að hér sé að stórum hluta um að ræða frumkvæði og dugnað eins manns, sem fékk reyndar til liðs við sig atvinnuhljóðfæraleikara og -söngvara úr öðrum landshlutum, má ekki gleyma því að með þessu samstarfsverkefni fjölmargra Austfirðinga sýndu þeir hverju menn hér fá áorkað, þegar þeir standa saman. Fullur vilji er fyrir því að halda starfseminni áfram á næsta ári og ljóst að þetta framtak hefur vakið athygli víða um land og mun styrkja ferðaþjónustuna á margvíslegan hátt, einmitt á þeim tíma, þegar vertíð sú, sem kennd er við þá, sem leggja land undir fót, er ekki komin í fullan gang.

Upp í hugann kemur, hvað veðrið hefur mikið að segja í ferðaþjónustunni, hvað það hefur þýtt t.d. fyrir aðstandendur Lagarfljótsormsins að nýliðið sumar gældi lengstum við Austfirðinga og hvernig málum hefði reitt af, hefði reksturinn byrjað ári fyrr og menn þurft að vera háðir duttlungum kuldabola þess, sem hreldi Austfirðinga lengst af sumarið 1998. Það minnir okkur aftur á nauðsyn þess að veðurathuganir og veðurfréttir séu sem beztar og sannastar. Það form veðurlýsinga, sem við búum við á Egilsstöðum í dag, er engan veginn fullnægjandi, og gæti haft veruleg áhrif á, hvort ferðamenn munu beina skammtímaferðum sínum hingað austur eða eitthvað annað.

Austfirðingar hafa gert sér grein fyrir mikilvægi ferðaþjónustu og var hún t.d. eitt af megin umfjöllunarefnum á nýafstöðnum aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Víða er verið að byggja upp og bæta það

sem fyrir er. Má þar nefna nánast nýtt hótél á Reyðarfirði, stækkun hótela á Djúpavogi og Breiðdalsvík og nýleg hótél á Egilsstöðum, Hallormsstað og í Austur-Skaftafellssýslu. Er það fagnaðarefni.

Sömuleiðis gleður framtak einstakra byggðarlaga í þessum efnun Má þar t.d. nefna merkingu gönguleiða með tilheyrandi kortagerð. Fara þar fremstir í flokki framtakssamir menn á Borgarfirði eystri og Seyðisfirði, en Fjarðamenn láta heldur ekki sitt eftir liggja og bjóða auk þess upp á siglingar um firði, víkur og flóa.

Forysta Austur-Skaftfellinga í nýjungum í ferðaþjónustu er lofsverð og Héraðsmenn reyna að vera ekki eftirbátar annarra. Ný ferja Smyril-Line mun í fyllingu tímans leggjast að bryggju á Seyðisfirði og vonandi fjölga þeim, sem kjósa munu þann ferðamáta að koma beint inn í fjórðunginn og treysta þar með atvinnugreinina í sessi. Hugmyndir hafa verið uppi um beint flug til Egilsstaða erlendis frá og að því verður unnið áfram. Þannig mætti lengi telja, en þetta dugir vonandi til að sýna fram á að það er sóknarhugur í Austfirðingum á mörgum sviðum og ekki sízt í þessari grein.

Góðir tilheyrendur ! Það hefur varla farið fram hjá neinum að Austfirðingar og Austurland hefur að undanfögnu verði nokkuð í sviðsljósinu vegna áforma um virkjanir á hálendinu á grundvelli fyrirliggjandi heimildar um virkjun á Eyjabakkasvæðinu og byggingu álvers í Reyðarfirði. Ég ætti e.t.v. ekki að hætta mér út á þá hálu braut í þessu ávarpi mínu að fjalla mikið um þetta efni. En þar sem að virkjanamálið a.m.k. tengist að margra mati ferðaþjónustu og möguleikum í þeirri grein, vil ég nú gera þetta stuttlega að umræðuefni.

Það er ljóst að svo stórkostleg áform sem hér um ræðir kalla á ákveðnar fórnir í náttúru landsins. Margir heimamenn virðast tilbúnir að færa þær, en ýmsir hafa líka efasemdir um svo stórkostlega breytingu á ásýnd landsins og hér myndi verða, nái þetta fram að ganga. Ég leynd því ekki að ég er í hópi þeirra, sem telja réttlæt看legt að færa svo mikla fórn, en ég hef ekki heldur legið á því að ég hefði talið æskilegast að farið væri að leikreglum í þessum efnun í samræmi við ákvæði laga um slíkar framkvæmdir almennt í dag.

Mig langar til gamans að geta þess að í samræðum um hugsanlegt álver í Reyðarfirði og hvað koma skyldi í staðinn til að fjölga atvinnutækifærum í neðra, kom fram hjá ónefndri konu sú fyrirspurn af hverju í ósköpunum Reyðfirðingar kæmu ekki á fót sæpotuleigu. Hún virtist sannfærð um að með því yrðu allir erfiðleikar við að skapa fjölbreytni í atvinnu úr sögunni á stóru svæði. Fáfræði hennar er til marks um það, sem margir hafa lagt inn í umræðuna. Vonandi verður það ekki fólkið, sem þekkir hreyfingu mest af tæknivæddum hlaupabrautum þrekþjálfunarstöðvanna, kyrrðina bezt við rauð umferðarljós gatnakerfis höfuðborgarsvæðisins og þögnina helzt vegna rafmagnsleysis á álagstímum, sem ráða mun mestu um framtíð okkar í þessum efnun.

Eða vita menn ekki að í burðarvirki og vélbúnaði sæpotunnar er að finna hið umdeilda efni ál og er mönnum ekki kunnugt um það að í tjaldhæla, hvort sem þeir eru dregnir úr jörð eða hafðir kyrrir þar, er einnig notað ál. Vilja menn virkilega að þessi dýrmæti og á margan hátt nýtilegi málmur sé frekar framleiddur í svörtustu Afríku með notkun kola og áttfaldri mengun, heldur en að beizlað afl vatnsins sé nýtt í þessu sama skyni á Austurlandi.

Við Austfirðingar erum friðsemdarfólk og jafnvel þótt eitt sveitarfélag hér í nágrenningu sé meðal gárunganna nú um stundir nefnt Norður-Timor, er ég þess fullviss að menn myndu flestir hverjir þjappa sér saman að lokum yrði sú niðurstaðan að virkjanaáformin gengju eftir og reyna að tryggja að ferðaþjónustan gæti fremur sótt styrk í þau umsvif, sem þessu myndu fylgja, en skaðaðist ekki af, hvorki í lengd né bráð.

Þetta bið ég menn um að hugleiða. Ég tel og rétt að fram komi að ég legg þunga áherzlu á að landsbyggðarmenn munu áskilja sér rétt á því að hafa áhrif á hugmyndir framtíð Reykjavíkflugvallar og þá umhverfisröskun, sem flutningi hans myndi í öllum tilfellum fylgja. Réttur okkar til þess getur ekki orðið minni en sá, sem borgarstjórn Reykjavíkur kynni að vilja áskilja sér til að hafa á virkjanaáformin hér eystra í gegnum umdeilanlega eignaraðild sína að Landsvirkjun.

Góðir ráðstefnugestir ! Ég vil að lokum óska ykkur velfarnaðar í störfum ykkar þessa tvo daga og vona að hér verði stigin stór skef fram á við til að tryggja vöxt og viðgang hinnar mikilvægu atvinnugreinar, sem ferðaþjónusta er fyrir þjóðarbúið í heild, fjölmargar stofnanir og einstaklinga.

Ég þakka gott hljóð.

Sturla Böðvarsson

Ráðstefnustjórar, góðir fundarmenn!

Það er mér sönn ánægja að ávarpa þessa ráðstefnu Ferðamálaráðs sem ráðherra ferðamála. Ég hef áður setið ferðamálaráðstefnur og tel þessa samkomu gegna mikilvægu hlutverki fyrir ferðaþjónustuna. Eins og ykkur er kunnugt fer samgönguráðuneytið með marga málaflokka og sumir eru býsna fyrirferðamiklir. Ég legg mikla áherslu á ferðamálin og framgang þeirra enda þarf ekki að tíunda mikilvægi greinarinnar fyrir ykkur sem hér eruð. Hinsvegar eru samgöngumálin og ferðamálin samofin og raunar fjarskiptamál einig.

Ég þekki nokkuð til ferðamála frá mínu fyrra starfi sem bæjarstjóri og ég legg mjög mikla áerslu á að eiga gott samstarf við Ferðamálaráð og talsmenn samtaka í ferðaþjónustu. Fyrir liggur í ráðuneytinu yfirgripsmikil stefnumótun í ferðaþjónustu sem mörg ykkar komuð að á sínum tíma og ber að þakka það mikla starf sem margir lögðu á sig til að það verk mætti líta dagsins ljós. Ég legg áherslu á að unnið verði áfram að öflugri stefnumótun og framgangi þeirra tillagna sem stuðla að bættum hag fyrirtækja í ferðaþjónustu . Skilgreining

viðfangsefna og helstu markmið í greininni liggja fyrir. Eitt mikilvægasta verkefnið sem ég tel vera framundan nú, er að takast á við rekstararumhverfi fyrirtækja í ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan samanstendur í raun af mörgum atvinnugreinum sem búa við nokkuð mismunandi aðstæður. Allar glíma þær við sama vandamálið sem er hversu ferðamannatíminn er stuttur. Þarafleiðandi er fjarri því að afkoman í greininni sé nægjanlega góð.

Stofnun markaðsráðs ferðaþjónustunnar er meðal markverðustu nýjunga á sviði ferðamála hin síðari ár . Þar hefur ríkisvaldið, Samtök ferðaþjónustunnar og höfuðborgin tekið höndum saman um að leggja verulega fjármuni til markaðsmála og vinna markvissar að því að skilgreina markaðssvæði og viðeigandi aðgerðir. Og enn er riðið á vaðið með mikilvægar nýjungar á sviði markaðsmála. Fimm ára markaðsátak í Norður-Ameríku stendur fyrir dyrum .

Stjórnvöld ásamt Flugleiðum , Bændasamtakökum Íslands og sjávarútvegsfyrirtækjum sem starfa vestanhafs munu leggja saman á árarnar til að skapa sterka ímynd Íslands og koma henni á framfæri í þágu atvinnulífsins. Mikil undirbúningsvinna er að baki og þær kannanir sem voru hluti af henni sýna að ekki veitir af að bretta upp ermarnar. Verkefninu mun stjórna sérstakur stýrihópur sem hefur verið skipaður og mun hann hefja störf þegar í næsta mánuði þótt ekki sé gert ráð fyrir fjármunum til verksins fyrr en á næsta ári. Á morgun hefst í Reykjavík ráðstefnan Konur og lýðræði og verður þá í fyrsta sinn komið á framfæri slagorði átaksins í Ameríku - Iceland Naturally - en gert er ráð fyrir nokkrum tugum bandarískra blaðamanna hingað til lands vegna ráðstefnunnar. Ferðamálin verða ráðandi afl í átaki þessu og hef ég ákveðið að skipa formann markaðsráðs ferðaþjónustunnar sem formann áðurnefnds stýrihóps.

Bind ég miklar vonir við samstarf þessara aðila sem munu leggja á ráðin um að markaðssetja landið vestan hafs og kynna útflutningsafurðir okkar þar einig. Með þessu samstarfi er brotið blað á sviði kynningarmála og samstarfi atvinnugreinanna. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð sérstök áhersla á lengingu ferðamannatímans og betri nýtingu fjárfestinga í greininni. Þess er því að vænta að í markaðssetningu verði lögð aukin áhersla á fundi, ráðstefnur og afþreyingu utan sumartímans.

Ég hef ákveðið að óska eftir að Markaðsráð taki það til sérstakrar úrlausnar að lengja ferðaþjónustutímamann um land allt. Er þess að vænt að Markaðsráðið taki það viðfangsefni til meðferðar sem fyrst og leggi fram áætlun um aðgerðir. Lenging ferðamanna tímans skiptir atvinnugreinina miklu máli og nýtir betur þá fjárfestingu sem er til staðar í mannvirkjum og búnaði ferðaþjónustunnar.

Upplýsingamiðstöðvar gegna mikilvægu hlutverki. Ég geri ráð fyrir og legg mikla áherslu á að málefni upplýsingamiðstöðva verði tekin til skoðunar og þeim gert kleift að halda uppi þeirri þjónustu sem nauðsynleg er í ljósi breyttra ferðavenja og aukinna krafna um gæði þjónustunnar.

Mikilvægt er að sem fyrst verði hafin bygging ráðstefnumiðstöðvar í Reykjavík. Enginn vafi er á því í mínum huga að umfangsmikið ráðstefnhald í höfuðborginni styrkir ferðaþjónustu um allt land. Aukið markaðsstarf er nauðsynlegt og þurfa ferðaþjónustuaðilar að hafa aðgang að góðri ráðgjöf hjá atvinnuþróunarfélögum og Ferðamálaráði.

Í tengslum við bættu ráðstefnuaðstöðu verður að tryggja sem besta þjónustu hótela. Flokkun gististaða hefur verið ýtt úr vör af samgönguráðuneytinu í samvinnu við Ferðamálaráð og SAF. Ég bind miklar vonir við að þarna sé að verða til sterkt tæki í gæða- og markaðsmálum greinarinnar.

Ég hef orðið þess var að það ríkir spenna milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Ég vil nota tækifærið til að hvetja fólk til þess að taka höndum saman og leita allra leiða svo efla megi ferðaþjónustuna um land allt. Mikill vöxtur á höfuðborgarsvæðinu á að vera tilefni til hvatningar um að gera betur í öðrum landshlutum. Og þeir sem vinna að ferðamálum á höfuðborgarsvæðinu verða að átta sig á því að landið verður ekki selt til frambúðar út á það eitt að gestir okka komi til höfuðborgarinnar eingöngu.

Umhverfismálin eru og verða hornsteinn ferðaþjónustu hér á landi enda koma langflestir hingað til að njóta nátturunnar auk þess sem landsmenn sjálfir njóta hennar í síauknum mæli. Mikilvægt er að allir sem að ferðaþjónustu koma skilji mikilvægi þess að vernda auðlindina eins og kostur er. Öll nýting verði í anda sjálfbærrar þróunar þegar því verður við komið. Aukin áhersla verður lögð á úrbætur á ferðamannastöðum í samstarfi við sveitarfélög, Vegagerð og Náttúrurvernd. Í fjárlagafrumvarpi ríkistjórnarinnar eru framlög til ferðamannastaða aukin. Með þeirri hækkun vil ég undirstrika þá áherslu sem ég vil leggja á áframhaldandi úrbætur á fjölförnum ferðamannastöðum. Á það bæði við um þátt umhverfismála og einnig og ekki síður mikilvægan þátt upplýsingamiðstöðva eða gestastofa á fjölförnum ferðamannastöðum.

Hvað varðar samgöngumálin almennt þá er stöðugt bætt við bundnu slitlagi, einbreiðum brúm fækkað, flugbrautir bættar og lögð áhersla á öflugan upplýsingagjöf til vegfarenda. Allt stuðlar þetta að því að auðvelda ferðalög um landið og auka öryggi ferðafólks. Öryggismálin eru mikið til umræðu núna. Mikilvægt er að skoða vandlega hvernig öryggi ferðamannsins verði sem best tryggt án þess að til komi svo mikið af lögum og reglum að nýir aðilar treysti sér ekki til að hefja rekstur.

Til að jafna samkeppnisaðstöðu innan greinarinnar þarf að skoða ýmislegt í rekstrarumhverfinu, t.d. verðlag á bílaleigubílum og áfengi. Nauðsynlegt er að benda samt ekki alltaf á stjórnvöld, því mér virðist sem oft sé um háa álagningu að ræða. Margir þurfa að koma að því að gera ferðaþjónsutuna arðbæra - ekki síst sveitarstjórnir. Ég mun á næstu dögum skipa nefnd sem mun vinna tillögur í þessum gríðarlega stóra máli. Formaður hennar verður Jón Kristjánsson alþingismaður .

Í stjórnarsáttmálanum er einnig lögð áhersla á aukningu menningar- og heilsutengdrar ferðapjónustu. Til að fá faglega umfjöllun um þá möguleika sem þarna leynast og sífellt fleiri horfa til hef ég ákveðið að skipa nefnd sem fær það hlutverk að gera raunhæfar tillögur um næstu skref í því að efla menningar og heilsutengda ferðapjónustu. Tómas Ingi Olrich alþingismaður mun styra þeim hópi fyrir ráðuneytið.

Nýlega var undirritaður samningur um áframhaldandi samstarf við Færeyjar og á næstunni verður samskonar samningur við Grænlandinga framlengdur. Ég legg áherslu á að aukið verði enn frekar samstarf við okkar næstu nágranna Grænlandinga og Færeyinga. Geti ferðamenn heimsótt þessi lönd í sömu ferðinni þá styrkir það augljóslega ferðapjónustuna í löndunum öllum. Eins eru ferðalög á milli landanna að aukast og þegar ég kom á Vestnorden kaupstefnuna í Færeyjum fann ég fyrir þeim mikla áhuga sem þarlendir hafa á að koma hingað til lands og eiga viðskipti við íslenska ferðapjónustu.

Þessu ávarpi verður ekki lokið án þess að koma inn á ferðapjónustuna og mannvirkjagerð á hálendinu. Eins og formaður Ferðamálaráðs gat um hér áðan þá hefur vinnuhópur þegar tekið til starfa. Ég vænti mikils af starfi hans. Þar munu væntanlega birtast niðurstöður sem ferðapjónustan þarf að geta notað sem vegvísi í þeirri umræðu sem fram fer á næstunni um samspil mannvirkjagerðar á hálendinu og ferðapjónustu. Ferðapjónustan á mikið undir því að vel takist til með nýtingu þeirra náttúruauðlinda sem á hálendinu eru. En verður jafnframt að minnast þess að ferðapjónustan verður ekki rekin ein sér í landinu. Til þess að mannlíf geti blómgast verða aðrir atvinnuvegir að eflast og fólk verður að finna fyrir öryggi um afkomu og atvinnumöguleika.

Ég fagna því að geta vera hér með ykkur í dag og fylgjast með þeim erindum og umræðum sem boðið er upp á og mun ég væntanlega fara vel upplýstur héðan um það sem efst er á baugi í ferðapjónustu. Ég vil þakka Ferðamálaráði fyrir ágætt samstarf og óska þess að ferðapjónustan megi vaxa og dafna og hafi það ávallt að leiðarljósi að vera sem styrkust stoð í íslensku efnahags og atvinnulífi.

Richard Butler **Rannsóknir í Ferðapjónustu**

It is a great pleasure to be back in Iceland, to have the excuse to come here. It's been 24 years since I've been here before and that was just in the Reykjavik area so it's very pleasant and satisfying to me to see another part of Iceland and I thank you for arranging the weather so nicely as well today. It's incredibly impressive to me that there is about 200 people here, for a session on tourism a one that deals in part with research. To get 200 people out of a population of 280.000 would be equivalent to; roughly, to having 40.000 attend this in the UK. So I would have to Wembley stadium, like Elton John. I was in a Rolling Stones concert in Edinburgh and they drew 40.000 so in relative terms this is pretty good. But I think it's tremendous because of the penetration that it gives through the industry and through society to hear about tourism and in

one respect to hear about research. Now most of the remarks that I will make are not specifically local in the sense that I will be talking from experience in tourism in North America, where I spent 30 years and in the UK, but not specifically on Iceland. It would be very presumptuous of me to come here, after such brief experience and pretend to talk in any detail about Icelandic tourism or what you should do or could do. At the end I will venture one or two specific comments but most of the comments I make will be in the sense of general issues and general ideas on research.

Now what I was asked to do in part was to talk about the importance of research in tourism. In particular the importance of academic research and the involvement of universities with industry and how university researches could help the tourism industry and by implication I guess the government as well. And some of the problems and issues to try to avoid in beginning research intensive program. What I will try to do is briefly to go through some of the problems with tourism and the need for research in tourism. Why academic research could be useful and what some of the linkages might be. A very brief example of one thing that has happened in the UK and then some more specific problems and suggestions.

I would say that this is particularly timely, thanks to my translator, I was able to get the gist of the remarks that were made by the earlier speakers. And you are in what many countries would regard as a very fortunate position that you are not only having significant increase in the number of tourists but more importantly I think you are having a significant increase and a greater increase in terms of expenditure by tourists. But that is the time to do research, while it is increasing and while you hopefully can use the results of the research at that point. Not when the tourism industry is in decline.

But very quickly, some of the problems of tourism. One is ignorance. We may profess to know a considerable amount about tourism. Having taught in tourism for 32 years now it never fails to amaze me and disappoint me in some respect the attitudes of some students. I hasten to say not all because there were some here, but not just students but other people. People that you meet in the street and even some in the industry who have the attitude that because they have been on a holiday they know tourism and I say to them well because you sailed a boat, could you build one? Because you sat on a plane, could you fly it? The fact you've bin on a holiday doesn't mean you know tourism, it means you might know what you like and what you don't like on tourism but it doesn't mean you know very much about it necessarily. So there is, I think, generally ignorance about the role of tourism. What is it supposed to do, we here claim it would do anything and everything. And sometimes it does nothing. But ignorance of how big it is, ignorance of what effects it has and ignorance sometimes of how dynamic it is and how much it can change and how quickly it can change. Were ignorant, I think, in terms of a lack of capability to get knowledge about tourism and that is where research should come in.

Nú annað sem ég vildi nefna er að það er í gangi líka "Leonardo" verkefni sem stutt er af Leonardo sjóðnum, evrópusjóðnum, sem ég er þar verkefnisstjóri fyrir. Þetta er verkefni sem að Iðnþróunarfélag Norðurlands-Vestra er í forvari fyrir og síðan er Danir, Ítalir og Írar með í verkefninu. Þetta er verkefni sem að er upp á um 20 millj. króna. Það snýst um að kortleggja menningar auðlyndir á ákveðnum svæðum og í þessu tilviki þá á Norðurlandi-Vestra og hvernig megi nýta þær í framtíðinni til uppbyggingar í ferðaþjónustu og til þess að útbúa námskeið fyrir fólk í ferðaþjónustu um það hvernig það geti nýtt sér menningararfinn í sínu nánasta umhverfi. Þess er vænst að fljótlega á næsta ári verði komin drög að svona námskeiði sem hægt er að prufukeyra og þetta geti síðan hugsanlega yfirfærst að sjálf sögðu á fleiri landshluta og önnur svæði ef vel tekst til. Og nýttast sem flestum.

En ég ætla nú ekki að vera að tala í allan dag. Mig langar örlítið bara að minna á það að atvinnugreinin, ferðaþjónusta, býður upp á stórkostleg tækifæri í framtíðinni og ef svo fer fram sem horfir og við skulum segja að ferðamönnum fjölgi um 6% á ári næstu 20 árin þá verða þeir orðnir 900.000 árið 2020. Og gjaldeyrstekjur af þeim miðað við gjaldeyrstekjur af ferðamönnum í dag gætu orðið um 90 milljarðar. Það er svipað og af fiskinum í dag þannig að við erum að höndla stórt og mikið mál og þurfum að vanda okkur og standa saman. Vinna saman öll að þessu marki hvort sem að það er stjórnvöld, atvinnugreinin sjálf, fræðimenn, háskólar, rannsóknaraðilar. Samstaða hlýtur að vera lykilatriði ef vel á að takast til. Takk fyrir.

Philip Vogler

Mér dettur í hug hvort að Ferðamálaráð hafi á sínum snærum, eða þá í okkar háskóla, sérfræðinga um markaðsrannsóknir og kannanir og mér finnst að þessi reglulega ferðamálaráðstefna ætti að koma undir smásjá hjá svona aðilum. Hún er auðvitað skemmtileg en ég spyr mig hvort að hún sé sett saman vísindalega eftir þeim fræðum sem að við höfum verið að velta fyrir okkur síðan í gær.

Kannski myndi t.d. ferðamálastjóri vilja lýsa hvernig ráðstefnan er skipulögð en mér dettur í hug að það sé eins og siður er hjá okkur flestum þegar við skipuleggjum ráðstefnur að við könnum ekki markaðinn, leitum ekki eftir óskum viðskiptavina heldum setjumst niður í nefnd eða stjórn og ákveðum hvernig dagskráin verður og leitum eftir fyrirlesurum eftir eigin höfði. Þetta samsvarar ekki því sem að við höfum verið að heyra síðan í gær.

Til dæmis hefði ég viljað fá svona svar með því að kanna viðhorf fólks hér eða á einhvern vísindalegan hátt hvers vegna eru svo miklu færri hér heldur en í gær. Það er ljóst en við vitum ekki ástæðuna, eða ekki ég. Fundarstjórnar hér sem að sjá framan í okkur núna og eins í gær skilja ekki hvers vegna við erum sofandi og ég skil það ekki heldur nema kannski af þeirri ástæðu að við drukkum flest of mikið í gær og sváfum of lítið. Er þetta sem fólk vill hafa á ferðamálaráðstefnu? Ég hefði alveg verið sáttur við að drekka minna og fara fyrr að sofa virkilega af því að ég var ekki í raun að sækjast, þetta var ekki ósk mín að koma á fillerí. Alls ekki, þó að ég sé til í að taka þátt í því og gerði það.

Ég er að sækjast eftir einhverju öðru og t.d. kanna verðlag. Ég hef verið í háskólanámi og það átti líka samkvæmt þeim fræðum að kanna hugmyndir fólks um hvaða verð það væri tilbúið að borga. Ég fékk sem betur fer að hjálpa til með ráðstefnuna og þyrfti ekki að borga þessar 6000 krónur en hérna mér hefði þótt það hátt verðlag og ég var virkilega hikandi þó að ég hafi mjög mikinn áhuga á ferðaþjónustu og á að þróa mig áfram, fylgjast með straumum og hitta fólk, eins og það hefur verið gaman hér. Þá var ég hikandi um að keyra allveg hinum megin á landið og borga 6000 krónur, og borga gistingu, og borga mat. Í raun, eins og staðan er í dag, þá gæti ég það ekki. Oftast gæti ég það en mér þætti það allt of hátt verðlag.

Svo þyrfti að kanna áhuga á kannski öðruvísi fundum á vegum Ferðamálaráðs eða í samstarfi Ferðamálaráðs og minni félaga. Gætu verið fundir oftari í fjórðungum til dæmis? Eða t.d. með mismunandi blandi fjórðunga því að hjá fleiri en einum hópi áðan var talað um samstarf milli svæða. Kannski er enginn hjá Ferðamálaráði í dag með hugmyndir um svona fundi en fyrst við erum að heyra svona mikið um markaðsrannsóknir þá væri kannski hægt að þetta hjá ferðaþjónustuaðilum á Íslandi og jafnvel hjá þessum aðilum á gráu svæðunum eins og í Kaupfélögunum og bensínstöðvunum og fleira hvernig við gætum náð þeim inn í umræðu. Ekki bara að við ímyndum okkur, því að það hefur ekki tekist nógu vel, heldur að við könnum hvað vilja þeir heyra, hvaða námskeið

myndi höfða til þeirra? Hvað er það sem þeir sjá strax sem tengir þá við ferðapjónustuna?

Svo vildi ég leggja til eina leið til að gera svona könnun, alla vega meðal ferðapjónustuaðila. Auðvitað hjá Helga Arngrímssyni þá fær hann góðar vísbendingar þó að hann fái ekki svör hjá öllum ferðamönnum sem koma til Borgarfjarðar. Nú er mjög vaxandi á Íslandi að fólk sé nettengt og það væri allavega mjög ódýrt fyrir Ferðamálaráð að senda einhverja könnun, og jafnvel reglulega könnun, ja einhver skipti á árinu en ekki sjaldnar en einu sinni á ári til allra ferðapjónustuaðila sem eru með netfang á skrá hjá Ferðamálaráði. Ef Ferðamálaráð er ekki með skrá um netföng þá held ég að það ætti að setja saman slíka skrá. Takk fyrir.

Elís Pétur Elísson

Góðir samkomugestir. Ég var hér aðeins í gær, og er nýkominn núna og er þar af leiðandi búinn að missa af gríðarlega miklu en það er nú einu sinni svo að ég er nú sjötugt gamalmenni en yngstur allra gamalmenna á Breiðdalsvík. Þá meina ég það að ég stofnaði fyrirtækið Áki ehf. á Breiðdalsvík 2. júlí í sumar og það eru albveg hreinar línur að það gerði ég svo sannarlega af algerri bjartsýni úr hófi fram og þekkingarleysi en samt sem áður þá af minni reynslu í sumar, ég er með siglingafyrirtæki út í Breiðdalseyjar á þeim þjóðfræga bát sem var smíðaður fyrir Pétur í Stykkishólmi sem er okkar kennifaðir allra bátsferða á Íslandi í ferðmenntu.

Síðan fór hann til Húsavíkur með viðkomu á Ísafirði, síðan til Húsavíkur og hét þá Keikó og heitir nú Áki. Það sem fram hefur komið, það er um lengingu ferðamannatímans. Það tek ég alfarið undir að lengja ferðatímann en þetta bjartsýna gamalmenni, ég er með þá hugleiðingar að hafa raunverulega ársþjónustu og þá meina ég að vera með bátinn til þjónustu allt árið og þar af leiðandi viðvíkjandi Svartfuglsveiðum t.d. sem að raunverulega stendur hér á þessum lista mínu. Þessum einblöðungi sem að ég lét dreyfa um landið síðastliðið sumar og hákarlaveiðar.

Ég er fæddur og uppalinn við þetta allt saman, við þennan veiðiskap og krossararnir þóttu góðir veiðimenn og urðu þjóðfrægir að mörgu leiti. Þar á meðal viðvíkjandi hvalaskitterí og hákarlaveiðum og mörgu mörgu fleiru. En ég veit ekki hvað maður má eiða löngum tíma í alls konar fyrirspurnir og eiða löngum tíma hér í pontu því að þekkja nú hann Ella P. þeir vita að hann getur nú talað til morguns en þá væru nú sennilega allir farnir úr salnum og það sem fram kom það er dálítið sláandi orðið, ég er Lions-maður fram í fingurgóma það var nú einn maður hér í gær sem minntist aðeins á Lions og mér fannst það nú miður að hann taldi það að ungmennafélagið, það var ekkert nema gott um þau að segja aldeilis ekki en þau fóru fljótlega út fyrir það mark sem að þau settu sér. Hann var að tala um að Lions og Rótarí og annað slíkt. Lions er heldur betur

bjargvættur þjóðarinnar að mörgu leyti án þess að ég ætli að fara meira út í það.

Gaman væri ef að hér væri einhver sem að vildi veita mér lið og hugleiða þann mikla möguleika sem að ég tel að sé í Breiðdalseyjaklasanum. Það er ósköp svipaður klasi, Breiðdalseyjaklasinn, og Breiðafjarðarklasinn. Náttúrulega eru Breiðafjarðareyjarnar mikið fleiri en þarna voru útræði úr Breiðdalseyjaklasanum og mikið að sjá og það sem hefur glatt mig mikið yfir þetta litla reynslutímabil í sumar hvað margir ferðuðust með mér og ég fékk ákaflega jákvæðar undirtektir og þessi bæklingur var einmitt á West Norden ráðstefnan í Færeyjum og það er búið að panta hann nú í nokkrum þúsundum eintaka og það sýnir það að þetta var tímabært á Breiðdalsvík.

Nú minn ágæti Arngrímur í Borgarfirði hann taldi að það vantaði bátsferðir þar en okkur vantar tóma bjartsýni og stuðning á Breiðdalsvík á öðrum sviðum heldur en þegar eitthvað skip strandar þar, þá eru fjölmiðlar fljótir að koma niður eftir og taka myndir og aftur myndir daglega í sjónvarpi. Ég hef engan kvikmyndatökumann eða sjónvarpstökumann séð miðri á Breiðdalsvík eða þegar Áki kom á land í Breiðdalsvík, alls ekki. Margsinnis hef ég beðið þá um að aðeins gera mig sýnilegan en það er oflangt niður á Breiðdalsvík þegar því er að skipta. En þegar eitthvað neikvætt er þá eru menn fljótir að koma. Við eigum aðeins að lyfta þessu plani svolítið upp og horfa á jákvæðu hliðarnar líka. Og það á að standa saman og lyfta landsbyggðinni upp, ekki veitir af. Breiðdalsvík þekkest á neikvæðan hátt. Ég er uppbyggjandi Breiðdalsvík með öðrum fleirum góðum mönnum og ég vil lyfta Breiðdalsvík upp. Takk fyrir.

Þorleifur Þór Jónsson SAF. 1 sinn.

Fundarstjórar, ágætu fundarmenn. Ja það er sama hvaða rútukall kemur upp, eða fyrrum rútukall. Ja það eru tvö mál sem ég ætlaði aðeins bara að fá að tæpa hér á bara rétt til umhugsunar. Ef til vill væri síðan hægt að hafa ályktanir um þær þegar fram í sækir. Þessi tvö mál eru í fyrsta lagi bæklingar. Ég held að það sé orðin brýn þörf á því að það verði tekið verulegt skurk í því að stoppa af, já stoppa af, þá fjárplógstarfsemi sem að fer fram hér vítt og breytt um landið þegar óprúttir sölumenn bráðnauðsynlegra að eigin sögn og ómissandi bæklinga fara um og telja menn á að menn verði nú að auglýsa þarna og auglýsa þarna vegna þess að allir eru með í þessum bæklingi og hann fær gríðarlega dreyfingu og nánast ómissandi inni hjá hverjum ferðamanni. Þetta er kannski ekkert miklar upphæðir, þetta 30-40-50 þúsund í hverja auglýsingu og 10-12 svona bæklingar, þetta reitist nú svolítið saman þegar saman er dregið.

Síðan er það sem er verra að það er nánast ekkert upplageftirlit í þessum málum. Það er ekkert eftirlit með dreyfingunni þannig að auglýsendur vita oft ekkert um það hvort að þessum peningum hafi verið vel eða illa varið. Semsagt ómarkvissar auglýsingar, illa dreyft og allt eftir því. Þetta er hlutur sem að verður að fara að koma svolítið meira skikk á og ég held að ég megi lýsa því

fyrir hönd Samtaka Ferðapjónustunnar að við erum boðin og búin til þess að starfa með aðilum í því að koma einhverju skikki á þetta mál, hvernig sem við gerum það hvort að það verði með einhverskonar upplagseftirliti eða þó ekki væri annað en að við fengjum staðfestingu frá prentsmiðju um það hvað hafi verið mikið prentað af viðkomandi bæklingi og hvenær hann hafi verið prentaður. Það segir sig náttúrulega voðalega sjálft að það er afskaplega lítið gagn að bæklingi sem að fer í dreyfingu einhverntíma tíðari hluta júlímanaðar eða byrjun ágúst. Það er nánast orðið vonlaust að ætla að hafa eitthvað út úr því.

Hitt málið sem að ég ætlaði aðeins að koma inn á það er í sambandi við þessa blessuðu lengingu ferðamannatímans. Það er alltaf spurningin svolítið hefur mér fundist um það hvort kemur á undan hænan eða eggid. Margir ferðapjónustuaðilar, vitta og dreyft um landsbyggðina nefnilega, finnst ekki taka því að fara að opna sína starfsemi fyrr en að einhverjir ferðamenn koma en svo hinsvegar koma engir ferðamenn fyrr heldur en einhver þjónusta er komin á skrið og eitthvað farið að gerast. Þannig að á meða þessi vítahringur er ekki rofinn þá mun ganga hægt að koma þessu áfram.

Við höfum séð kvartanir frá erlendum aðilum sem að hafa verið strandaðir hér á landsbyggðinni kannski svo seint sem í byrjun maí og það er ekkert við að vera. Það eru engar ferðir í boði, söfn eru lokuð, afþreyingin er ekki til staðar og það er von að mönnum finnist þetta hálf borulegt og lítt spennandi nem náttúrulega þeir sem eru því meir sjálfum sér nógir að geta farið um og skoðað kannski landið með bílaleigubíl og haft með sér einhverja ferðahandbók til þess að lesa sér til um hvað sé bak við þessar luktur dyr sem eru allan hringinn. Tillaga að lausn gæti verið sú að menn einfaldlega, það komi valdboð innan úr Lækjargötu að ferðamannatíminn hefjist eigi síðar en 1. júní - 15. maí eða eitthvað álíka og þá greinilega miði allir við það að hafa sína útgerð í gangi frá og með þeim degi og hætti fyrr en á einhverjum ákveðnum degi.

Það er afskaplega leiðinlegt að vera að reyna að bjóða upp á ferðir fram eftir öllu hausti þegar síðan úrvalið er farið að minna verulega. Það er orðið svona hips um haps hvort að eitthvað sé opið og menn koma oftast en ekki að luktum dyrum. Þegar þetta er þá gengur þetta illa. Þetta er núna svona tillaga til ábendingar og athugunar. Og að endingu ætlaði ég bara að fá héðan úr pontu að hrósa honum Helga fyrir þessa mjög skemmtilegu kynningu sem hann var með hér á þessu ja merkilega rannsóknar verkefni vegna þess að þó að þetta séu vísbendingar og kannski ja ekki gert kannski allt eftir - það væri örugglega hægt að finna þann vísindamann sem að gæti fundið einhverjar tæknilegar ambögur á framkvæmd verkefnisins en þetta eru sambærilegar upplýsingar að því leyti til að þær eru framkvæmdar á sama stað, á sama hátt, af sama fólkinu þannig að þær lýsa þróun og gefa mjög góða vísbendingu um stöðu mála og það væri óskandi að sem flestir tækju þetta til fyrirmyndar og reyndu þannig að sjá hvernig sú þróun er á þeirra nærsvæði og finna þar leiðir til úrbóta og til að

efla og styrkja sig. Þakka þér fyrir Helgi, þetta var mjög skemmtilegt og þakka ykkur fyrir.

Sævar Skaftason, Ferðapjónusta Bænda

Fundarstjóri og góðir fundarmenn. Það er eitt sem að ég vil vekja athygli á og það er varðandi leyfi til reksturs ferðaskriftsofa. Þar er að mínu mati töluverð mismunun í gangi í dag. Ég tala fyrir hönd Ferðapjónustu Bænda, til dæmis rekum við í Hafnarstræti þjónustu við ferðamenn. Fólk getur komið þar inn af götunni og keypt afþreyingu. Nú þar sem að við erum þar að selja þjónustu til kúnnans á götunni þá erum við síðasti hlekkurinn í keðjunni og verðum að hafa tilskilin leyfi, tilskyldar tryggingar. Hótelin í Reykjavík og víðar eru í stórfelldri afþreyingarsölu, og í sumum tilfellum er örðið töluvert um það að hótelin eða starfsfólkið fái commission í sinn vasa þannig að þau eru orðin síðasti hlekkurinn í keðjunni líka og ég tel að þarna sé hlutur sem þurfi virkilega að taka upp aftur af því að það er töluverður bakki að burðast með það að vera með tryggingar upp á svo og svo margar miljónir en eins og ég sé þetta og fleiri þá eru hótelin algerlega á skjön við þetta.

Nú kannski að Magnús gæti svarað þessu eitthvað. Nú svo hefði ég nú viljað sjá kannski á ráðstefnu sem þessari einhverjar umræður um umhverfismál en það er nú kannski heldur seint að ætla að fara að byrja með það núna en ég hefði viljað heyra hvort að Ferðamálaráð hafi eitthvað ályktað um umhverfismál og hugsanlega og já ekki síst um þau mál sem að eru efst á baugi í dag því að sama hvaða skoðun menn hafa á því máli þá tel ég að það tengist ferðapjónustunni mjög náið hvaða framtíðaráherslur verði í umhverfismálum. Ég held að Ferðamálaráð og greinin í heild sinni komist ekkert hjá því að hafa einhverja skoðun á því máli en það gæti kannski orðið efni í aðra ráðstefnu sem að tæki meira en einn dag.

Magnús Oddsson, Ferðamálaráð Íslands, 1 sinn.

Ráðstefnustjórar, góðir fundargestir. Ja, ég get nú svarað sumu en ekki öðru. Það er nú kannski ágætt af því að ég er nú kominn í pontu að aðeins að fara lengra yfir sviðið því að Philip velti því fyrir sér svolítið í upphafi, og það tengist einmitt því sem að Sævar sagði núna, varðandi skipulag ráðstefnunnar og það er nú einu sinni þannig að þegar ferðamálaráðstefna er skipulögð þá tekur hún breytingum milli ára og þið sem hafði verið hér lengi þið munið það nú vonandi að umhverfismál hafa nú verið hér en ég man það nú ekki til að fara með það með vissu en ég að það hafi verið svona nokkurn vegin að jafnaði 3 hverja ráðstefnu eitt aðalviðfangsefnið.

Auk þess sem að Ferðamálaráð hefur haldið sérstaka ráðstefnu um umhverfismál 8. mars 1997 og síðan er rétt að geta þess líka að þegar Ferðamálaráð á vordögum ákvað þessa ferðamálaráðstefnu, til að svara Philip aðeins, þá var það niðurstaða þeirra sem þar sitja fulltrúa greinarinnar og

annarra að á þessari ráðstefnu ættu menn að reyna að tengja saman þessa þrjá þætti sem að mest hefur verið í umræðunni undanfarið. Það er að segja skort á frekari arðsemi í greininni og mikilvægi vöruþróunar vegna lengingar ferðamannatímans og síðan forsendan fyrir vöruþróun og forsendan fyrir frekari arðsemi væri þá enn frekari efling rannsókna og kannanna.

Þannig að þetta voru þau þrjú megin viðfangsefni sem að menn ákváðu en það var ekki þannig eins og mátti kannski skilja að Philip héldi að menn hefðu leitað að fyrirlesurum og síðan raðað málunum niður eftir því. Það var á hinn veginn. Síðan er hitt að ráðstefnan hefur tekið þannig breytingum að menn hafa stöðugt verið að stytta hana. Þið munið mörg hver hér inni þá tíð þegar menn fóru á ferðamálaráðstefnu á miðvikudegi og komu heim á laugardegi, það er ekkert langt síðan. Núna erum við búin að stytta þetta niður í rúman sólarhring frá því eftir hádegi á fimmtudegi til síðdegis á föstudegi og það er gert vegna óska greinarinnar. Það hefur marg sinnis verið rætt um það að greinin vildi stytta þetta og concentrera þetta meira og ná meiri umræðu á styttri tíma. Menn eru meira uppteknir. Þannig að það er í samræmi við þær óskir sem að settar hafa verið fram og ég ætla ekki að blanda mér í þá umræðu en það er ekki skipuleggjandinn Philip sem skipuleggur drykkju einstaklinga eða hópa, það er ákvörðun hvers og eins hvað hann vill. Það er einfaldlega að heimamenn bjóða gestum til veislu sem við að sjálfsögðu þökkum innilega fyrir og síðan þyggja menn það boð mis mikið eftir því sem að aðstæður og áhugi leyfa. Þannig að það er ekki ákvörðun skipuleggjandanna.

Ég tek feginns hendi ábendingum hans varðandi ýmislegt sem að hann kom með og ég skrifaði niður varðandi kannanir á netinu og við notfærum okkur það en sú netfangaskrá er til, ég held að við séum með 900 ferðaþjónustuaðila í netfangaskrá ef ég man rétt þannig að það er til og ýmislegt annað sem ég ætla ekki að fara í gegn um hér. Ég held að Þorleifur kannski, við höfum nú oft rætt þetta ég og Þorleifur, ég held að hann ofmeti nú kannski val okkar í Lækjargötunni. Við getum aldrei ákveðið upphaf eða endi ferðamannatímans en við getum að sjálfsögðu eins og okkar hlutverk er leiðbeint og ráðlagt og tekið þátt í umræðunni og hvatt til. Það er hlutverkið frekar.

Sævar kom aftur á mót með tvær beinharðar spurningar og ég hrökk nú svolítið við við fyrri spurninguna og ég get ekki svarað spurningunni, ég held að hún verði að fara lengra. Ef að það er rétt að hótelin séu hugsanlega farið að selja einhverja þá þætti sem að krefjast ferðaskrifstofuleysis þá eru þau um leið orðin ábyrg gagnvart kaupandanum samkvæmt alferðalögnum því að þau eru sá aðili sem að viðskiptavinurinn á kaupin við en ég mynni nú á það Sævar og aðra að alferðalögin kveða svo á að það verðu að kaupa a.m.k. tvo þætti til þess að þú þurfir ferðaskrifstofuleysi og þurfir sem sagt tryggingar. Þú mátt selja einn þátt en yfirleitt er nú gert ráð fyrir að þú sért að selja þinn eigin þátt. Það er að segja gististaðurinn að selja gistingu, afþreyingin að selja afþreyingu og því um líkt. Þannig að ef aftur á móti hóteli er að selja það sem telst falla undir alferðalögin þá held ég að það hljóti að vera mál sem þarf að skoða því það

hljóta allir að verða að sitja við sama borð og neytandinn hlýtur að verða að gera sér ljóst líka hver ber þá ábyrgðina fari eitthvað úrskeðis í ferð sem að hótél selur.

Þá á samkvæmt alferðalögnum kaupandinn að snúa sér til seljanda ferðarinnar og ef það er hótél þá náttúrulega hlýtur það að gilda það sama um það eins og aðra söluaðila. En ég get ekki svarað spurningunni að öðru leyti en því að það hlýtur það sama að eiga við um alla aðila svo framarlega sem að þeir eru að selja sömu vöru og ábyrgðin gagnvart kaupandanum er sú sama. Síðan spurði Sævar um það varðandi umhverfismál. Hefur Ferðamálaráð ályktað um umhverfismál? Ja það er nú svolítið flókið að svara og ágætt að upplýsa ykkur um það að á þessu ári hafa setið fjögur Ferðamálaráð þannig að, það sat eitt Ferðamálaráð til 19. janúar þá var skipað nýtt 23 manna ráð sem sat til loka mars þegar sett voru ný lög. Þá kom 7 manna ráð, þriðja ráð þess árs. Síðan samkvæmt ákvæðum laga við ráðherraskipti þá á ráðherra að skipa og það urðu enn breytingar.

Þannig að það hafa setið fjögur ráð þessa fyrstu 9 mánuði ársins og því er fljótt að svara Sævar að þessi ráð á þessu ári hafa ekki ályktað neitt um umhverfismál sem slík en til eru auðvitað ályktanir Ferðamálaráðs um umhverfismál, virkjanir og fleira og fleira og fleira. En það eru önnur ráð sem að standa að baki þeim samþykktum og ályktunum. Þannig að ég held að þetta svari spurningunni. Það hafa ekki verið neinar slíkar ályktanir.

Ég held að það sé nú ekki fleira sem að beint var til mín eða okkar en ég held nú samt af því að ég er kominn hérna þó ég ætli nú ekki að fara að taka tíma, mér finnst ég alltaf vera að tala á öllum fundum og ætlaði nú að leyfa öðrum að tala hér. Þessi saga, mér fannst hún geysilega ég veit ekki hvaða orð ég á að nota sláandi, sem að ykkur var sögð hér í gær en ég var nú búinn að heyra nokkrum dögum áður varðandi sko það ferli sem við erum að ræða um.

Ég hef áður sagt það og það er ekkert leindarmál að á þessu ári hafa kvartanir í ferðapjónustunni verið fleyri en ég man eftir áður varðandi þjónustubáttinn og fleiri þætti. En það hvarlaði samt ekki að mér kannski að ég myndi heyra svona áberandi kvörtun um fyrsta þáttinn í keðjunni því ef fyrsti þátturinn í keðjunni klikkar þá verða hinir aldrei virkir. Og ég hafði ekki gert mér grein fyrir því fyrr en að kona Lars sagði mér á þriðjudaginn úti í Danmörku þegar við vorum þar á fundi með dónunum að tala við þá og þeir komu svo hingað, en það er önnur saga. Eins og hún lýsti þessu fyrir mér, ég ætla að lýsa því fyrir ykkur því að ég skrifaði það niður eins og hún lýsti því fyrir mér og að sjálfsgöðu verður talað við viðkomandi aðila því við vitum auðvitað hver aðilinn er og hver einstaklingurinn er sem í hlut átti. Um er að ræða Íslending sem er ennþá verra finnst mér.

Sko fyrsta spurningin er að hún hringir á viðkomandi skrifstofu og óskar eftir því að fá kort sent af Íslandi og viðkomandi starfsmaður spyr, ertu að fara til

Íslands. Já, hvenær, í október. Nei, þú ferð ekki í október, Íslands er sumar staður í júní, júlí og ágúst. Hún komst í gegn um þennan þroskuld og þá næst, hvað ætlarðu að vera lengi? 3-4 daga, nei þú ferð ekki til Íslands í 3-4 daga. Ísland þarf að vera vika minnst. Síðan komst hún í gegn um þann þroskuld. Hvert ætlarðu að fara og hvernig? Ég var að hugsa um að taka bílaleigubíl því að ég er að fara til Egilsstaða. Egilsstaða, nei það er allt of langt. Nú hvað þá? Síðan segir Rikke já nú jæja þá ætla ég að fljúga. Fljúgja, nei það er of dýrt. Sko, mér var enginn hlátur í huga eftir að hafa heyrt þessa lýsingu vegna þess að ef að þetta er fyrsti hlekkurinn í gæðakeðjunni í ferðapjónustunni þ.e.s. þar sem viðskiptavinurinn er að reyna að komast til landsins og kaupa þjónustuna. Hvers virði eru þá allir hinir sem eftir eru?

Og þetta dæmi, ég velti því bara fyrir mér og var hugsi mjög í flugvélinni á leiðinni heim frá Danmörku eru þessi dæmi kannski miklu miklu víðar annar staðar. Þegar þarna er um að ræða íslenskan aðila hjá íslensku fyrirtæki hér næst okkur. Hvernig eru þá hlutirnir annarstaðar. Þannig að ég hef ákveðið að við leggjum það til að farið verði enn frekar í það sem maður kallar og m.a. verður það gert núna strax í vetur og það var komið til áður og Haukur Birgisson þekkir nú hér og gæti sagt ykkur frá, að það verðu sett á fót verkefni í Danmörku sem heyri Reisebureau Personal Uddannelse þ.e. að kenna starfsfólki ferðaskrifstofa að selja og hvernig á að kynna Ísland. Þannig að í stað þess að vera stöðugt að kynna eitthvað þá verði farið að kenna. Þetta hefur verið gert í Bretlandi og þetta verkefni verður núna eftir áramótin í Danmörku. Reisebureau Personal Uddannelse.

Þannig að ég velti því fyrir mér hvort að, og þetta finnst mér mjög alvarlegt umhugsunarefni og stendur svolítið upp úr finnst mér þrátt fyrir hér geysilega góðar umræður og geysilega góðar tillögur og vangaveltur og m.a. finnst mér nú líka standa upp úr hér sú setning sem að var sögð hér í gær, með fullri virðingu fyrir öllum öðrum, allt í einu finnst mér ég vera staddur hér á fyrstu ferðamálaráðstefnunni sem að ég er nú búinn að sækja í 20 ár eða rúmlega það. Allt í einu finnst mér hér stand upp úr að í gær var sagt, það skortir ekkert fjármagn. Það kemur hér maður og veltir hérna upp glæru, ég á nóga peninga. Komið þið bara með eitthvað handa mér til að setja peningana í. Ég er búinn að hlusta hér á það í öll þessi ár og þið mörg fleiri að það skortir svo mikið fjármagn í greinina. Svo kemur bara allt í einu hér maður eins og jólasveinninn, heirðu ég er með fullan poka en ég vel hverjir fái úr pokanum og þið verðið að vera þess verðug. Þetta finnst mér mjög athygliverð kúvending í um ræðunni. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra nema að tilefni gefist til þá. Þakka ykkur fyrir.

Jón Baldur, Ísafold Ferðapjónusta.

Magnús kom inn á spurninguna um gæðin, byrjaði á fyrsta hlekknum. Síðan koma næstu hlekkir þar á eftir og það eru þeir sem útfæra ferðir hér á landi, það eru þeir sem leggja til bílana, það eru veitingahúsin til dæmis og eitt af þessu eru ferðaskipuleggjendur. Ég var í vinnuhópi í morgunn sem að fjallaði

um aukna arðsemi eða réttara sagt hvað stendur arðseminni fyrir þrifum og þar var einmitt komið inn á skort á fagmennsku, það var skortur á gæðum jafnvel og skortur á eftirliti með því að gæðin væru þau sem að þau ættu að vera getum við orðað.

Nú er það svo að til þess að auka gæðin í ferðapjónustu, á undanförunum árum, rétt eins og í öllum eða flestum öðrum atvinnugreinum þá hafa verið settar reglur til þess að við getum sagt að lyfta standardinum á örlítið hærra plan og reglurnar þær varða þessa þrjá þætti t.d. sem ég nefndi hér.

Ferðaskipuleggjendur, veitingahús og hópferðir eða hópferðaleyfi á hópþíla og annað slíkt en mér er spurn þegar ég sé svona marga aðila sem að eru í bransanum með okkur, jafnhliða okkur, jafnfætis okkur og hafa raunverulega betri aðstöðu til þess að fá til sín viðskiptavinum eða viðskiptafólki vegna þess að þeir hafa lagt minna í hluti til þess að byggja upp heldur en við sem að reynum að fara eftir reglunum.

Hvers virði er að setja reglur ef það er ekki eftirlit með því að eftir þeim sé farið eða að það sé starfað í samræmi við reglur. Skýrasta dæmið sáum við núna í dreyfibréfi SAF no. 10, 10. dreyfibréfi SAF. Þar kom fram að í upplýsingum Ferðamálaráðs var getið um allmarga veitingastaði sem að ekki höfðu tilskilin réttindi og ég held að þar hafi síðan Ferðamálaráð séð að sér og farið af stað til þess að kanna þetta hvernig þessu sætti og þá að reyna að koma þeim aðilum annaðhvort inn á kortið eða þá að taka þá út úr bæklingi hjá sér. Sama á áreiðanlega við um ferðaskipuleggjendur marga. Það er ekkert svona um hópferðaleyfishafa, það er ekkert registur yfir þá en það hlýtur að vera eitthvað svipað.

Verður ekki að vera eftirlit með því að reglunum sé framfylgt? Og ég á þar við ferðaskipuleggjendurnar, það er farið að hafa eftirlit með veitingarekstrinum greinilega núna en síðan eru það hópferðaleyfishafar. Það er það næsta. Það væri fróðlegt ef einhver gæti svarað spurningu minni, hvort að það er Magnús fyrir hönd Ferðamálaráðs eða þau Erna eða Þorleifur fyrir hönd SAF hvort að það sé eitthvað í farvatninu með það að umbuna okkur sem að reynum að fara að reglum og jafnvel lögum með því að öðrum sé ekki auðvelduð samkeppnin vegna þess að þeir fái að starfa utan við lög og rétt samhliða okkur.

Erna Hauksdóttir SAF.

Fundarstjóri, góðir fundarmenn. Bara örfá orð vegna þess að að Jón Baldur sagði í sambandi við leyfisláusu staðina. Það voru reyndar gististaðir í sambandi við það sem við fjölluðum um í okkar dreyfibréfi að væru í Handbók Ferðamálaráðs. Þetta hefur nú eitthvað svona farið á stjá hversu margir þeir voru en það sem er hið sanna í þessu er að við bárum þetta saman, fengum lista frá öllum sýslumönnum um það hverjir væru með leyfi bæði veitingaleyfi og gististaðaleyfi, og síðan fórum við yfir Handbók Ferðamálaráðs til þess að sjá hvernig svona sviðið liti út. Nú það kom í ljós að þarna var ansi mikill munur þar

á en auðvitað er það ekki svo að allir þessi staðir sem að þarna vantaði inn á væru alveg leyfislausir. Við erum að fá skýringar frá sýslumönnum á því af hverju þeir voru ekki á þeirra listum.

Þetta er svona eitt af því sem að við teljum vera okkar verkefni í SAF þ.e. að fylgjast með því að það fari allir að lögum og reglum. Ef að við erum sammála um það að einhver fyrirtæki eigi að hafa leyfi þá eiga auðvitað öll fyrirtæki að hafa leyfi. Ef að við erum ekki þeirrar skoðunar þá vinnum við bara að því að það sé afnumið. En ástæðan fyrir því að við viljum að t.d. veitingahús og gististaðir séu með leyfi er aðaleiga öryggisatriði, bæði gæða og öryggisatriði. Það þurfa að vera stymplar fyrir því að eldvarnir séu í lagi og að heilbrigðismál séu í lagi. Við erum alltaf að tala um gæði og öryggi í ferðaþjónustunni og þetta er bara einn liður í því. Þannig að við erum núna eins og ég sagði að fá skýringar frá sýslumönnum á því af hverju þetta var ekki en við auðvitað vitum að það eru staðir út um allt land sem að ekki hafa leyfi og þar þarf auðvitað bara að gera gangskör að því og reyndar eru margir litlir staðir eins og heimagististaðir og aðrir sem að hreinlega vita ekki að þeir þurfa leyfi en þetta er nú svona það sem að við höfum verið að gera.

Þorleifur Þór Jónsson SAF. 2 sinn.

Þannig er nú að þetta eru svo stór samtök að það eru sérfræðingar í ákveðnum málaflokkum, Erna er sérfræðingur í veitinga og gisthúsum en ég er aftur sérfræðingurinn í rútubílunum. Þannig að svo ég svari Jóni Baldri því sem er í sambandi við leyfisveitingarnar í sambandi við rútubíla. Til þess að starfrækja fólksbifreið stærri heldur en 9 farþega í atvinnuskyni þá þarf samkvæmt lögum no. 13 1999 sem voru samþykkt í vor þá þarf sérstakt starfsleyfi til fólksflutninga. Það leyfi er gefið út af vegagerðinni og er eftirlit með því að það sé enginn í þessari starfsemi öðru vísi heldur en með tilskilin leyfi er í höndum vegagerðarinnar og er tjékkað á semsagt, þetta er orðið eitt samhangandi eftirlit þannig að þegar bíll hvort sem það er vörubíll eða fólksflutningabíll er stöðvaður af eftirlitsmönnum vegagerðarinnar sem að hafa lögreglu sér til fulltyngis þá er verið að kanna þrjú atriði.

Hvort að þungaskattsskráning, þ.e. hvort að ökuriti og þungaskattur skráist rétt, hvort að ökuriti skrái aksturstíma vegna löggjafar um aksturs og hvíldartíma ökumanna og þá er þetta þriðja atriðið sem að þar bætist við að þá er fylgst með hvort að viðkomandi bíll sé með þau starfsleyfi sem að honum ber að hafa til að rækja þessa starfsemi. Þannig að þessi mál hafa verið fram að þessu í bölvuðum ólestri en vegagerðin gerir þetta held ég mjög vel núna sérstaklega vegna þess að þeir eru fyrst og fremst náttúrulega að eltast við þungaskattinn og það eru peningar í ríkissjóð og þá er nú eftirlitið stíft og gott.

Sveinn Sigurbjarnarson Markaðsstofa Austurlands

Ráðstefnustjórar, góðir fundarmenn. Ég ætla ekki að tala um lög og reglur eða

annað það. Það sem ég ætlaði að gera hérna er fyrst og fremst það að ég ætlaði að þakka fyrst og fremst Ferðamálaráði og þeim sem að því standa að koma með þessa ráðstefnu hingað á þetta svæði. Það eru tæp 10 ár síðan hún var haldin hér síðast og það var svolítið annað veður þá, snjócoma og bilur og það mynnast margir þeirra tíma. Við hjá Markaðsstofu Austurlands við settum svona framkvæmdanefnd í málið og sú framkvæmdanefnd hefur borið ábygd á framkvæmdinni og þið dæmið um það hvernig hún hefur tekist. Mér finnst hún hafa tekist mjög vel og alveg frábærlega.

Sú sem leiddi það starf kannski fyrst og síðast með öðrum fimm er Auður Anna Ingólfssdóttir ráðstefnustjórinn okkar annar og hafði með sér náttúrulega valinkunna sveit. Ég ætla núna að afhenda henni Auði blómstönd og þakklæti fyrir frábæra skipulagningu og hjálp við að koma þessu í framkvæmd. Gerðu svo vel Auður. Aðeins hérna í lokin af því að þetta er nú samkoma á þessu svæði þá er ein saga lítil. Það var hér í grunnskóla inn á Hallormsstað fyrir nokkrum árum. Það var einn að taka fullnaðarpróf. Hann var góður í kristinfræðinni, hann kunni hana upp á sína tíu fingur en honum fannst alltaf hann fara svona fremar halloka fyrir kristinfræðikennaranum. Var aldrey sáttur við það þannig að þegar hann tekur lokaprófið þá svarar hann öllum spurningum upp á 10, geymir eina spurningu sem var svona "Hvað gerði Júdas eftir að hann sveik Jesú?" og drengur skrifar: "Hann fór út og hengdi sig", setti svo í sviga fyrir aftan "far þú og gjör slíkt hið sama".

Gunnar Rögnvaldsson, Hólaskóli

Tala nú kannski ekki beinlínis fyrir hönd stofnunarinnar í þessu máli sem ég ætla aðeins að drepa á heldur svona meira kannski persónulega og svona almennt um ferðamál.

Mig langar aðeins að drepa á að það hefur lítið verið um samgöngur en þar sem að ferðamál og samgöngumál heyra nú undir sama ráðuneytið þá langar mig aðeins að minnast á að það er eiginlega skondið hvað samgöngumál standa nú í vegi fyrir dreyfingu ferðamanna um landið sem er nú það sem við viljum gera. Á ég þá sérstaklega við viðhald malarvega sem að líða margir hverjir af slíkum viðhaldsskortum að ferðamenn sneyða hjá þeim. Á það alveg jafnt við um Íslendinga sem útlending og kannski ekkert síður Íslendinga því að nú er bílaeign landsmanna orðin svo glæsileg að menn fara nú ekkert að fara út af malbikinu ef að menn heyra að vegirnir séu ekki góðir. Það gæti komið beigla að sprungið dekk eða eitthvað þaðan af verra.

Þó malarvegirnir okkar séu náttúrulega hluti af landinu sem að útlendingarnir ætla að upplýfa og ágætir svo langt sem það nær þá er það samt engin afsökun fyrir því að þeir séu allt að því hættulegar grafgötur. Get ég nefnt sem dæmi hvað Kjalvegur í sumar leið mjög mikið fyrir þetta. Og þó svo að stöku sinnum séu þessir vegir þolanlegir þá er það oft á tíðum orðið þannig að þessir vegir eru búnir að fá svo slæmt orð á sig að þetta er orðið fast í þjóðarsálinni að þessi og

Þessi spotti sé ófær nánast. Þá spyr ég, þá hlýtur sá aðili sem að býr þarna og langar til þess að fara kannski út í einhvern rekstur og þá kemur aftur að þessu með eggid og hænuna. Þar fyrst að hafa umferð til þess að það sé hefllað eða þarf að heflla til þess að það komi umferð? Þetta er nú bara svona, ég veit að þetta hljómar ekki mjög merkilegt fyrir þá sem að búa við malbikaðan veg en fyrir þá sem að búa, ég get tekið sem dæmi víða hér á noraustur horninu úti á skaga ja við tölum um vestfirði. Það kannski skiptir svolitlu máli.

Þetta var lengi hér í gamala daga þá var miðað við að það væri ágætt að heflla svolítið fyrir áburðarflutningana á vorin og svo aftur svona fyrir fjárflutningana á haustin. Hvenær er aðal umferðartíminn og heflarnir standa ja 360 daga á ári á sumum vegagerðarstöðvum. Bara aðeins að velta þessu upp því að þetta er nú einu sinni sko hægri og vinstri vasinn á samgönguráðherra. Þakka ykkur fyrir.

Helgi Arngrímsson

Já mig langar aðeins að bæta við í sambandi við umræðu sem var hér áðan í sambandi við samvinnu og samstarf að hérna á austurlandi þá höfum við hafið stóráttak í sambandi við gönguleiðamerkingar og gönguleiðakort. Við höfum þetta þarna norður á Borgarfirði og svo hafa fjarðarbúar eða Gerpissvæðið, við köllum það nú Víknaslóðir hjá okkur við Borgarfjörð, það er kallað Fjarðarslóðir Gerpissvæðið. Þannig að það eru komin tvö gönguleiðakort í sama kerfi og í samavinnu það er að segja annað frá Borgarfirði til Seyðisfjarðar, næsta frá Seyðisfirði til Reyðarfjarðar og í vetur verður unnið kort frá Reyðarfirði til Berufjarðar og það er í býgerð að skoða kortagerða af Vopnafirði og ég vænti þess að héraðsbúar komi inn í þetta bráðlega.

Þetta er unnið í mikilli samvinnu hérna fyrir austan, sami kortagerðamaður og sama skipulag og ég trúi því að innan kannski 2-3 ára þá getum við í raun markaðssett austurland sem eitt heilstætt gönguleiðasvæði og ég held að þetta sé svona dæmi um samvinnu sem að getur svona smitað út frá sér og tekið yfir stórt svæði og við ættum þess vegna í sumum tilfellum að geta tekið Ísland allt undir ef að við erum að hugsa um markaðssetningu til útlendinga. Það var minnst á hestana í gær og það er þessvegna hægt að taka eitthvert sérverkefni, hvalaskoðun er víða um land ef að þeir sameinast. En mig langar svona aðeins að benda á þetta og hnykkja á því að við verðum að auka samvinnu til þess að nýta þetta fjármagn betur og ég tek heilshugar undir þetta bæklingavandamál sem að verið var að minnast á hér áðan. Þetta er eiginlega stórt vandamál að þurfa að segja nei þegar manni er sagt að þú verður að vera með það eru allir í þessu. Og ef að þú ert ekki með þá bara ertu ekki á kortinu.

Maður er að vísu farinn að fá smá skráp fyrir þessu en það væri verulega til bóta ef að annað hvort Ferðamálaráð eða einhver samtök gætu á einhvern hátt leiðbeint smærri aðilum og það kemur náttúrulega kannski til með aukinni samvinnu og stofnun markaðsskrifstofu ég veit að það er í býgerð á suðurlandi eða suðausturlandi. Það er markaðsskrifstofa komin hér á austurlandi sem að vinnur að þessum málum, markaðssetningu, þetta kemur inn á bæklingagerð

heima fyrir og þessi samvinna hún þarf að aukast held ég verulega til þess að spara okkur fjármagn og koma miklu meir hnitmiðað fram gagnvar bæði Íslendingum og Útlendingum og ég minni aftur á að við verðum að muna eftir Íslendingunum. Takk fyrir.

Anna Sverrisdóttir

Fyrst að við höfum tíma þá ætla ég að fá aðeins að koma með smá áróður. Þegar að Samtök Ferðapjónustunnar voru stofnuð þá runnu saman nokkur félög atvinnurekenda í greininni en í hópinn bættust líka fyrirtæki sem eru í afþreyingu. Þau áttu sér ekki samtök áður en eru að sjálfsgöðu aðilar að Samtökum Ferðapjónustunnar og starfið í SAF er talsvert mikið eftir atvinnugreinum þannig að hluti af starfinu er unni þannig og kannski mikilvægasti hlutinn því þar er það sem við erum næst þörfunum og því sem að markaðurinn okkar þarf.

Nú svo vill til að ég er formaður í afþreyingarnefndinni og við þurfum svolítið mikið á því að halda að heyra frá hinum afþreyingarfyrirtækjunum og vita hvar skóinn kreppir að og hvar við getum verið að beyta okkur, hvað við getum gert til þess að gera okkar starfsumhverfi betra. Þannig að mig langar svona til þess að hvetja ykkur til þess að hafa samband við okkur ef að möguleiki er. Nú netfangið mitt er anna@bluelagoon.is og svo er ég náttúrulega í símaskránni og annað en það væri mjög gott að heyra frá afþreyingarfyrirtækjunum. Við erum að reykna með að vera með félagsfund afþreyingarfyrirtækjanna 9. Nóvember og það væri mjög gaman að aðilar gætu tekið þátt í því og ekki bara af suðvestur horninu. Fundurinn verður reyndar ekki í Reykjavík en hann verður í nágrenni Reykjavíkur, í Bláa Lóninu og ég vona að við sjáum einhver andlit líka frá fyrirtækjum utan stór Reykjavíkursvæðisins.

Síðan langaði mig að varpa fram smá hugmynd sem að ég á nú ekki sjálf heldur heyrði einhversstaðar, ég man bara ekki hvar, ég ætla ekki að koma með þingsályktunartillögu um það. Mér finnst að það ætti að breyta nafni ráðherrans okkar, hann ætti ekki að heita samgönguráðherra. Heldur ráðherra ferðamála og fjarskipta, þetta er bara til að taka heim með ykkur. Við kannski þurfum að ýta á pólitíkusana fyrir næsta kjörtímabil, þetta breytist ekki núna en hugsjið þið málið. Hvort að það ætti ekki að breyta þessu. Takk fyrir.

Jóhannes Sigmundsson

Ráðstefnustjórar, góðir ráðstefnugestir. Það var verið að kvarta yfir því áðan að það hefði ekki borist ein einasta vísá hérna á ferðamálaþinginu. Það hefur nú jafnan áður verið eitthvað um slíkt og ég hef stundum verið að böglast við það að setja saman vísur. Það var líka verið að velta því fyrir sér afhverju hópurinn væri svona duglegur í dag og eitthvað færri og minna svona líf í heldur en í gær og mér datt í hug að setja þetta á blað svona

*Hópur klár í fjósið fór,
á fljótið síðan storma.
Þáttakendur þáðu bjór
þunnir núna dorma.*

Ég ætla líka aðeins að koma með dæmisögu út af því sem að hann Magnús og fleiri voru að segja hér áðan um fyrsta hlekkinn. Það er ekki gott ef að hann bilar. Ég get sagt eina sláandi sögu um það. Það eru farnar hestaferðir frá Syðra-Langholti í samavinnu við Íshesta norður í land Kjalar, ferðir sem eru taldar svona dálítið strembnar og svo aftur auðveldari ferðir sem eru kallaðar Gullinhringu.

Það kom bandarísk kona og skráði sig í Kjalarferð, hún var dálítið fullorðin og hún var svona ekki líkamlega vel á sig komin enda fór það svo að hún gafst upp eftir fyrsta daginn í Kjalarferðinni og þá var hún spurð af hverju hún hefði látið skrá sig í hana. Jú henni var sagt á ferðaskrifstofunni að það væru svo vondar ferðir þarna að það yrði farið svo hægt yfir norður Kjöl að það væri auðveldasta ferðin fyrir hana. Þetta er náttúrulega ekki nógu gott ef að þetta eru nokkur dæmi um þetta að ferðaskrifstofuaðilar, tala nú ekki um ef að starfsfólkið er íslenskt en ég held að það hafi nú ekki verið í þessu tilfelli, gefur svona villandi og rangar upplýsingar og þetta er mál sem að þarf virkilega að taka fyrir og reyna að þá að gera eitthvað í málinu að þeir sem eru að selja ferðir til Íslands að þeir hafi sannar og réttar upplýsingar og viti hvað þeir eru að selja.

Jakob Þór Haraldsson

Ég starfa sem ferðamálafulltrúi á Vopnafirði en ég rek líka mitt eigið ráðgjafarfyritæki í ferðaþjónustu og við erum mjög sammála, ég og Benedikt, því sem að við heyrðum hér í ræðumanni frá Hólum í sambandi við þýðingu vegamála og þá datt okkur í hug að stinga upp á að

Fundur Ferðamálaráðs Íslands haldinn á Egislstöðum 6. október ályktar:
Fundurinn skorar á samgönguráðherra að hann beyti sér fyrir því á alþingi að þjóðvegur 1, þ.e. hringvegurinn, verði allur malbikaður fyrir árið 2002.

Við viljum kasta þessu fram sem hugmynd að ályktun, sérstaklega í ljósi þýðingar vegamála fyrir ferðamál og líka fyrir landsbyggðina. Hvort að árið 2002 þarf endilega að vera en við þurfum að sjálfsögðu að hafa tímatakmörk.

Ráðstefnustjóri Guðmundur Davíðsson:
Hér er komin fram tillaga sem að hljóðar svona:

*Fundur Ferðamálaráðs Íslands, haldinn á Egilsstöðum 7.-8. október ályktar:
Fundurinn skorar á samgöngumálaráðherra beiti sér fyrir því á alþingi að
þjóðvegur 1, hringvegurinn verði allur malbikaður fyrir árið 2002.*

*Það er komin tillaga um að vísa þessu til Ferðamálaráðs. Er það samþykkt en
eitt mótaskvæði.*

Magnús Oddsson Ferðamálastjóri, 2 sinn.

Ráðstefnustjórar og fundargestir. Mér finnst það rétt áður en allir fara úr salnum af því að ég er svo skal ég segja ykkur að maður verður alltaf að passa sig á því hvað maður segir. Út af því sem að ég sagði áðan og las upp varðandi fyrsta hlekkinn. Þá vil ég endilega að það komi fram og menn fari ekki héðan án þess að hver skal teljast saklaus þangað til sekt er sönnuð. Við höfum ekki haft tækifæri til þess að tala við hinn aðilann og heyra hans hlið á málinu þannig að við skulum ekki hérna fullyrða um það og við höfum það fyrir sið hjá ráðinu að þegar við fáum slíkar ábendingar að ræða að sjálfsgöðu við báða aðila þannig að við höfum aðeins heyrt hlið annars aðilans og það var hún sem ég lýsti þannig að allt sé nú kórrétt þannig að enginn verði dæmdur fyrr en búið er að ræða við hann allavega. Takk.

Ráðstefnuslit

Jón Kristjánsson

Varaformaður Ferðamálaráðs Íslands.

Góðir ráðstefnugestir. Tómas Ingi Olrich formaður Ferðamálaráðs varð að hverfa á braut í morgunn vegna annarra skyldustarfa þannig að hann bað mig um að mæla nokkur lokaorð hér á þessari ráðstefnu.

Það er komið að lokum ferðamálaráðstefnunnar 1999. Þessi ráðstefna er vettvangur fólks í ferðaþjónustu til þess að bera saman bækur sínar og velta upp hugmyndum. Ræða saman og þessi ráðstefna er einnig vettvangur til þess að gera sér dagamun en það er nauðsynlegt fyrir fólk í ferðaþjónustu að gera það sem að ætíð er að þjóna öðrum aðra tíma ársins.

Fyrir mig hefur verið gríðarlega gagnlegt að sitja hér og heyra sjónarmið fólks í grasrótinni og þeirra sem að standa í eldlínunni í ferðaþjónustunni og það er mjög lærdómsríkt fyrir okkur sem að vinnum á vettvangi stjórnmalanna að hlusta á fólk ræða saman um þessa mikilvægu samræður sem að hér hafa átt sér stað, þær hugmyndir sem að hér hefur verið velt upp að þær verði árangursríkar fyrir ferðaþjónustuna í landinu á komandi árum.

Þegar ég tók sæti í Ferðamálaráði þá spurði fréttamaður mig í útvarpsviðtali hverju það sætti að ég væri þarna kominn, hvort að það væri fyrir það að ég hefði ferðast svo mikið. Ég held að það megi kannski til sanns vegar færa. Ég reyndar er nú á þessum stað vegna þess að samgönguráðherra á sínum tíma tók þá ákvörðun að tengja Ferðamálaráð inn í stjórnmalin en ég hef ferðast

mikið, innanlands hér og dálítið erlendis en mikið hér innanlands um 20 ára skeið. Ég veit nokkuð um það hvað fólk leggur að sér í ferðaþjónustu og hvað ferðaþjónustan er gríðarlega mikilvæg og hvað það er mikilvægt að þær persónur, að það fólk sem í henni vinnur það gefi mikið af sér. Þetta er erfið atvinnugrein og hún byggist á persónulegri þjónustu umfram allt annað. Það finnur maður mæta vel þegar að maður liggur í ferðalögum um áraraðir.

Ég vil flytja þakki til ráðstefnustjórnanna fyrir stjórnun á ráðstefnunni hér. Ég vil þakka hópstjórum fyrir þeirra ágæta starf og síðast en ekki síst vil ég flytja heimamönnum, sveitungum mínum hér, bestu þakki fyrir undirbúning og móttökur allar.

Ég óska öllum góðrar heimferðar og segi Ferðamálaráðstefnunni 1999 slitið.